



Alda Hrönn Jóhannsdóttir gerir upp störf sín í lögreglunni og LÖKE-málið svokallaða. Málsmeðferðin gekk nærri henni.  
→24, 26

## Mótstaða og kvenfyrirlitning

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**Milljón dollara leikur**  
Super Bowl er á sunnudag. →36



**Uppseldar!**  
Elon selur eldvörpur.  
→28

**Blóð, sviti, tár og milljarður**  
Árni Ólafur Ásgeirsson leikstjóri.  
→30



PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK • ATVINNA

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015avvv

Kringlan 

## ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLU LÝKUR 5. FEBRÚAR

LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR
10-18	13-18

SMÁRALIND 

## GÖTU-MARKAÐUR

OPIÐ TIL 18 Í DAG

ÚTSÖLULOK OG ENN MEIRI AFSLÁTTUR



## Veður



Suðvestan strekkingur og él en bjart astantil á landinu. Frost um allt land, jafnvel talsvert í innsveitum fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 46**



Kunna gott að meta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ofaldir hrafnar valda andvöku

**DÝRALÍF** Kvartað hefur verið til Heilbrigðiseftirlits Austurlands undan því að fólk fœðri hrafna í útjæðri Egilsstaða.

Í tilkynningu á vef Fljótsdalshéraðs kemur fram að gögn sem heilbrigðiseftirlitið hafi sýni að mikið af matarúrgangi sé borð út og að allt að tugur hrafna hópist þar að.

„Hrafnarnir halda sig í trjáum og á ljósastaurum í norðurhluta bæjarins og bíða næstu fœðrunar, en krunka mikið fyrir birtingu og halda jafnvel vöku fyrir íbúum,“ segir í tilkynningunni. „Hér með er eindregið farið fram á að hrafnar séu ekki fœðraðir, a.m.k. ekki svo nálægt byggð. Villtum dýrum er eðlilegt að afla sér fæðu af eigin rammleik.“ – gar

## Bílar rokseldust í janúarmánuði

**VIÐSKIPTI** Sala á nýjum bílum í janúar jókst um 31 prósent borið saman við sama mánuð árið 2017. Nýskráðir fólkubílar á tímabilinu voru 1.622 á móti 1.233 í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum frá Bilgreinasambandinu hefur árið farið vel af stað og gefi ákveðnar viðsendingar um framhaldið. Bilasala til einstaklinga og fyrirtækja hafi tekið við sér og loks farið af stað í fyrra að einhverju marki. Undanfarið ár hafa bilaleigubílar verið um 40 prósent af öllum nýskráðum fólkubílum. – smj

## Stuðmaður kvaddur



Kista Tómasar Magnúsar Tómassonar, sem borinn var til grafar í gær, var sveipuð regnbogafánanum. Tómas var jarðsúnginn frá Hallgrímskirkju og voru félagar hans úr Stuðmönnum kistuberar. Tómas var örlagavaldur í íslensku tónlistarlífi og einn afkastamesti tónlistarmaður landsins en hann var meðal annars bassaleikari í Stuðmönnum. Tómas lést í lok síðasta mánaðar eftir stutt en erfið veikindi, 63 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þeim fjórða sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem handtekinn var við komuna til landsins frá Spáni í síðustu viku vegna fíkniefnamáls hefur verið úrskurðaður í fimm daga gæsluvarðhald til viðbótar. Þetta staðfestir Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögreljubjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn er ásamt þremur öðrum grunaður um aðild að fíkniefnainnflutningi frá Spáni. Manninum sem var handtekinn um sama leyti vegna málsins hefur verið sleppt úr haldi. Tveir sitja því enn í haldi en tveimur hefur verið sleppt. Allir hafa þeir stöðu sakbornings í málinu. Rannsókn miðar vel. – aá

» Tveir menn sitja í haldi vegna gruns um aðild að fíkniefnainnflutningi hingað til lands frá Spáni.

# Nálaskiptaprógamm fanga gæti reynst snúíð

Starfshópur um aðgerðir gegn kynsjúkdómum leggur til að fangar fái aðgang að nálum, sprautum og smökkum sér að kostnaðarlausu. Fangelsismálastjóri kveðst opinn fyrir öllum tillögum þó sumar geti reynst snúnar í framkvæmd.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta kann að vera snúíð í framkvæmd inni í fangelsunum en við erum opin fyrir öllum tillögum,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri um tillögur sem starfshópur um aðgerðir gegn kynsjúkdómum hefur skilað af sér.

Þar er meðal annars lagt til að tekin verði upp skadaminnkandi nálgun í fangelsum í samvinnu við fangelsisvirkvöld þar sem fangar hafi aðgang að nálum, sprautum og smökkum sér að kostnaðarlausu. Fangar eru áhættuhópur hvað varðar kynsjúkdóma og sýkingar sem berast milli einstaklinga með blóðblöndun. Ekkert nálaskiptaprógramm er rekið í fangelsum á Íslandi.

Páll segir að Fangelsismálastofnun sé opin fyrir öllum tillögum sérfróðra aðila um að draga úr útbreiðslu hættulegra sjúkdóma. Hvað framkvæmdina sjálfa varðar verði þó að huga að öryggi starfsmanna með tilliti til notaðra sprautunála.

„Fangaverðir hafa það verkefni, meðal annars, að leita í fótum fanga og klefum. Þetta eru hvort tveggja mjög mikilvægir hagsmunir sem þarf að huga að en við erum opin fyrir öllum tillögum í þessu.“

Spurning sé líka hvort nálaskiptaprógramm, þar sem fangar geti nálgast hreinar sprautur og nálur sér að kostnaðarlausu, muni ganga upp innan veggja fangelsa. Ljóst er að fangar eiga hvorki né mega vera með fíkniefni í fangelsum og neyslan því falin. Páll tekur undir að það kunni að vera snúíð og velta megi fyrir sér hvort markmiðin með framtakinu næðust þar sem fangar



Lagt er til að fangar fái aðgang að sprautum, nálum, smökkum og skimun gegn kynsjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Páll Winkel

sem kæmu til að fá sprautur og nálur myndu sjálfkrafa afhjúpa að þeir væru með fíkniefni á sér til neyslu.

„Það gæti verið snúíð. Hugsanlega gætu þeir leitað til heilbrigðisstarfsfólks, eða hægt væri að koma upp aðstöðu í fangelsunum, ég veit það ekki. Þetta er ekki alveg einfalt. Neyslunni fylgir oft ofbeldi og vandamál í fangelsum þannig að

það er snúíð að gefa eftir í því alveg.“ Bendir Páll á að svona nokkuð sé augljóslega auðveldara úti í samfélaginu þar sem bíl er komið fyrir á hlutlausu svæði og fólk fær hreinar sprautur og nálur. Í ýmis horn sé því að líta.

Annað sem lagt er til er að fongum á Íslandi verði boðið upp á skimun fyrir kynsjúkdómum. Verði sóttvarnalækni falið að gefa út leiðbeiningar um skimunina og hún verði hluti af viðurkenndri heilbrigðisþjónustu fanga. Páll kveðst mjög hlynntur því en fangar hafa nú þegar aðgang að ókeypissmökkum. mikael@frettabladid.is

NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

BLACK+  
DECKER

DEWALT

HITACHI  
Inspire the Next

BLACK+  
DECKER

DEWALT

HITACHI  
Inspire the Next

# VERKFAERA DAGAR



**30%  
afsláttur**

**11.745kr**  
~~16.785kr~~

Fellistigi 4x3 þrep  
Pallur, trappa (1,65 m) og stigi (3,4 m).  
Plötur fylgja, burðarþol 150 kg.  
5078878

**20%  
afsláttur**

Allar álröppur  
og stigar

BLACK+  
DECKER

**12.995kr**  
~~18.995kr~~

Borvél + 100 fylgihlutir  
12V, 2 rafhlöður 1.5Ah, Li-ion,  
hersla 25Nm.  
5245566

**32%  
afsláttur**

HITACHI  
Inspire the Next

4 rafhlöður Útvarp Ljós

SÚPER TILBOD

**21.445kr**  
~~32.995kr~~

Borvélasett 10,8V DS10DAL  
4 rafhlöður, ljós og útvarp. Hersla 35Nm.  
5246791



BLACK+  
DECKER

**30%  
afsláttur**

Af öllum  
Black + Decker  
rafmagns-  
verkfærum

DEWALT

**20%  
afsláttur**

Af öllum  
DeWALT  
rafmagns-  
verkfærum

HITACHI  
Inspire the Next

**20%  
afsláttur**

Af öllum Hitachi  
rafmagns-  
verkfærum

MÁLNINGARDAGAR

**30%  
afsláttur**

af allri málningu

**Lýkur  
um  
helgina**



Kalkmálning



Mött málning



Veggmálning



Loftmálning



Lakkmálning



Votrymismálning

JOTUN

Lady litur  
mánaðarins



VEGGUR: LADY PURE COLOR  
6352 EVENING GREEN



Byggjum á betra verði



SKOÐAÐU TILBOÐIN  
Á HUSA.IS



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



TÖLUR VIKUNNAR 28.01.2018 – 03.02.2018

**70 ný skip**

hafa bæst við fiskveiðiflotann á síðstu fimm árum. Átta skuttogarar, 37 vélskip og 25 opnir bátar. Alls voru 53 þessara skipa smíðuð á Íslandi og eru þau öll úr trefjaplásti og undir 30 brúttótonnum. Alls var 1.621 fiskiskip á skrá hjá Samgöngu- stofu í lok árs 2017 og hafði þeim fækkað um 26 frá árinu áður.

**43 km**

af malbiki verða lagðir í Reykjavík næsta sumar. Malbiksframkvæmdir á þessu ári hljóða upp á tæpa tvo milljarða króna.

**2.200**


nýjar íbúðir þarf að byggja á ári að meðaltali til ársins 2040 miðað við uppsafnan skort síðan 2012.

**42%**

af heildarkostnaðinum við frí á Íslandi verja ferðamenn í samgöngur og gistingu. Verslun nemur 12,5% af útgjöldum ferðamanna á Íslandi. Neysla á börum, veitinga- húsum og skyndibitastöðum nam um 10,6% af verslun erlendra ferðamanna.

**38**

þúsund erlend- ir ríkisborgarar bjuggu á Íslandi á síðasta árs- fjórðungi. Hafði þeim fjölgað um 16 þúsund á fjórum árum.

**570**

einstaklingar eru á biðlista fyrir innlögn í meðferð á sjúkrahúsínu Vogli núna og hefur biðlistinn aldrei áður verið svo fjölmennur í sögu meðferðar SÁÁ. Í ágúst í fyrra biðu 445 eftir því að komast í meðferð á Vogli.



## Þrjú í fréttum Verðlaun, ógn og heiðursborgari

**Ísold Uggadóttir**


kvikmyndaleikstjóri

var valin besti leikstjórinn í flokki alþjóðlegra kvikmynda á lokahátíð Sundance-kvikmyndahátíðarinnar um liðna helgi. Verðlaunin hlaut hún fyrir kvikmynd sína Andíð eðlilega. Ísold sagði það hafa verið svo mikla upphæfð að komast á kvikmynda- hátíðina að það hefði ekki hvarflað að henni að hún yrði valin besti leikstjórinn.

**Hilmar Malmquist**

líffræðingur

greindi frá því að efstu lög Þingvallavatns hefðu hlýnað vegna veðurfarabreytinga. Fordæmalaus breyting hefði orðið 2016 þegar stofnar tveggja helstu kísilþörungna í vatninu hurfu. Ef þeir hryndu og aðrir tækju við mætti búast við að það gæti haft áhrif upp í gegn um fæðukeðjuna. Fiskistofnar gætu hrunið.

**Þorgerður Ingólfsdóttir**

tónlistarkennari og kórstjóri

var sámd heiðursborgaratitli Reykjavíkurborgar. Þorgerður stofnaði Kór Menntaskólans við Hamrahlíð 1967 og framhaldskór hans, Hamrahlíðarkórinn, 1982. Hún kvaðst snortin yfir því að öguðu uppeldisstarfi með listrænu ívafi væri gefinn gaumur. Jafnframt væri hún þakklát þeim sem unnið hefðu með henni í fimmtíu ár.



Magnús Ólafur Garðarsson segir herra hafa valdið hraðakstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fjögurra mánaða fangelsi í Tesla-málinu

Stofnandi og fyrrverandi forstjóri United Silicon hefur verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára fyrir að hafa ekið á rúmlega 183 kílómetra hraða á Reykjanesbraut í ágúst 2016. Hann var sviptur ökuréttindum í tólf mánuði.

**DÓMSMÁL** Magnús Ólafur Garðarsson, fyrrverandi forstjóri United Silicon, var í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára. Hann var jafnframt sviptur ökuréttindum í tólf mánuði fyrir umferðalagabrot og að hafa stofnað lífi annarra í umferðinni í hættu. Hann var ákærður fyrir að hafa ekið á allt að 183 kílómetra hraða á Tesla-bifreið sinni á Reykjanesbraut í ágúst 2016 en hámarks- hraði þar er 90 kílómetrar. Dómurinn hafnaði kröfu ákærvaldsins um að bifreiðin yrði gerð upptæk.

Á meðan á hraðakstrinum stóð keyrði Magnús á vinstra afturhorn bíls sem ekið var í sömu aksturs- stefnu, með þeim afleiðingum að billinn kastaðist út í vegkant og ökumaðurinn slasaðist. Ökumaður-

Ég held að dómari finni ákærða ranglega sekan um brot gegn 219. grein laga.

Haukur Örn Birgisson, Hæstaréttarlögmaður á íslensku lögfræðistofunni



inn fór fram á eina milljón króna í skaðabætur en Magnúsi var gert að greiða honum 600 þúsund krónur. Magnús þvertók fyrir að hafa ekið á rúmlega 180 kílómetra hraða, en þær upplýsingar komu fram í gögnum Tesla. Sagði hann í skýrslutöku að hann hefði hnerrað skömmu

áður og bifreiðin því tekið við sér. Magnús játaði hins vegar vægari hraðakstur. Haukur Örn Birgisson, verjandi Magnúsar, segist telja dóm- inn full þungan þó það sé vissulega fagnadarefni að Tesla-bifreiðin, sem metin er á um 20 milljónir, skuli ekki hafa verið gerð upptæk.

„Ég held að dómari finni ákærða ranglega sekan um brot gegn 219. grein almennra hegningarlaga því afleiðingar fyrir þann sem var í hinni bifreiðinni voru ekki með þeim hætti að það réttlæti þessa heimfærslu. Ökumaðurinn hlaut engan varanlegan skaða og engin beinbrot, eins og gert er að skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis,“ segir Haukur. Ekki sé búið að taka ákvörðun um hvort málinu verði áfrýjað. [danielfreyr@frettabladid.is](mailto:danielfreyr@frettabladid.is)

## Fleiri ráðnir í löggæslustörf

**LÖGREGLUMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja 237 milljónum til eflingar löggæslunnar á næstu árum. Við ráðstöfun fjárens verður höfuðáhersla lögð á kynferðisbrota- mál og kynnti dómsmálaráðherra aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málaflokknum á blaðamannafundi í gær.

Mestu af fjármununum verður varið til aukins mannafla og verður fjórum stöðugildum bætt við hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, auk eins stöðugildis ákæranda. Þá verður einnig fjölgað í lögreglu- liðum um allt land.

» Ekki er gert ráð fyrir auknu fé til fangelsismála í fjárlögum þessa árs. Fjögur stöðugildi vantar til að unnt sé að taka fangelsið að Hólmsheiði í fulla notkun.

Ráðherra lagði áherslu á að það dygði ekki að fjölga bara hjá lögreglunni enda viðbúið að málafjöldinn aukist og verður 50 milljónum varið til fjölgunar stöðugilda hjá héraðs- saksóknara.

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir auknu fé til fangelsismála í fjárlögum þessa árs. „Með því að leggja aukna vigt í málaflokkinn og fjölga hjá lögreglunni og hjá héraðs- saksóknara þá væntanlega skilar það sér í fleiri dómþolum,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsis- málastofnunar, og undirstrikar að dómþolar sem dæmdir eru fyrir kynferðisbrot þurfi nauðsynlega öfluga meðferð sálfræðinga til þess að draga úr líkum á endurteknum brotum að lokinni afplánun.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá vantar fjögur stöðugildi til að unnt sé að taka fangelsið á Hólmsheiði í fulla notkun. Tæplega 600 manns eru á boðunarlista Fangelsismálastofnunar og biða eftir að geta hafði afplánun. – að

#ÉGÆTLA  
AÐ VAKNA  
SNEMMA

BAKLÝSTUR  
SKJÁR

KINDLE  
PAPERWHITE  
LESBRETTI  
KINDLEPW15

24.895

NESPRESSO  
ESSENZA MINI  
KAFFIVÉL  
D30GREEN

12.995

LÍKIR EFTIR  
SÓLARUPPRÁS

BEURER  
DAGSBIRTULJÓŠ  
BEURWL75

14.990

PHILIPS HUE  
GO LJÓŠ  
HUEGO

14.895

ELKO





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# VIÐ VELJUM HYBRID 50% RAFDRIFINN

## HYBRID

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

### Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

### VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





Héraðsdómur Reykjaness

## Starfsmaður Barnaverndar áfram í gæslu

**LÖGREGLUMÁL** Fyrirverandi starfsmaður Barnaverndar sem handtekinn var 19. janúar síðastliðinn vegna gruns um alvarleg kynferðisbrot gegn pilti og fleiri börnum hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 9. febrúar á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Búast má við að rannsókn málsins verði mjög umfangsmikil, meðal annars vegna þess hve lengi maðurinn hefur starfað með börnum og ungmennum.

Þá er hafin sérstök rannsókn á því hvers vegna sex mánuðir liðu frá því að kæra var lögð fram gegn mannum og þar til rannsókn lögreglu hófst í byrjun janúar. – aá

## Fækkun í Borgarfirði er tímabundin

**SKÓLAMÁL** „Það getur falist í því nokkur styrkleiki að vera með fámennan skóla því við höfum gott tækifæri á að fylgjast náið með okkar nemendum og veita þeim gott aðhald,“ segir Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa aldrei verið færri nemendur í tíu ára sögu Menntaskóla Borgarfjarðar en nú. Fyrstu árin eftir að skólinn tók til starfa 2007 voru nemendurnir um 160. Síðan hafa þeir yfirleitt verið um 130 en eru 116 í dag að sögn Guðrúnar. Strax haustið 2019 muni staðan hins vegar breytast mikið.

„Þetta er ekki langtímabundin,“ undirstrikar skólameistarinn. Skýringin á fækkuninni sé einfaldlega fjöldi barna í tilteknum árgöngum á upptökusvæði skólans. „Miðað við árganginn 2003 má búast við að nemendum fjölgi töluvert haustið 2019.“ – gar

●● Það getur falist í því nokkur styrkleiki að vera með fámennan skóla.

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólameistari MB



## Hart tekist á



Það minnti á söguna af Davíð og Goliát þegar þessi palestínski mótmælandi kastaði steini í átt að ísraelskum hermönnum með valsöngvu nærri borginni Khan Yunis á Gazasvæðinu. Átökin á milli Palestínnumanna og Ísraels eru langvarandi og hafa verið mikil undanfarið eftir að Bandaríkja-stjórn viðurkendi Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels. Þeirri ákvörðun lýsti til að mynda Allsherjarþing SP óánægju sinni með. NORDICPHOTOS/AFP

# Árangurinn felst í samstöðu

Forseti ASÍ segir það alveg klárt mál að það sé í höndum félagsmanna VR að taka ákvörðun um úrsögn úr ASÍ. Samstaða stéttarfélaganna sé lyklatríði til þess að ná árangri í hagsmunabaráttu fyrir félagsmenn.

**VERKALYÐSMÁL** „Það hefur alltaf verið þannig að slagkraftur okkar gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum ræðst af samstöðu á vettvangi launafólks en ekki sundrunu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir sterklega koma til greina að félagið segi sig úr ASÍ. Gylfi segir það gefa augaleið að slík ákvörðun myndi hafa mikil áhrif á stöðu félagsmanna Alþýðusambandsins og þar með VR.

„Það hefur verið innri umræða árum saman um baráttuáferðir. Það er ekkert nýtt og það er ekkert

að því. Þetta er hreyfing sem nærast á hugsjónum og hjartalagi. En það sem ræður úrslitum er geta hreyfingarinnar og aðildarfélaganna til að sameinast um áherslur og fara saman fram með þær,“ segir Gylfi. Hann segist ekki gagnrýna það þegar menn tali af hugsjón.

„En ég hef ekki enn orðið var við það með hvaða hætti þessir einstaklingar ætla að tala okkur inn í samstöðu. Þeir eru mjög iðnir við það að tala okkur inn í sérstöðu. En það er ekki í sérstöðunni sem við náum árangri. Það er í samstöðunni.“

Fréttablaðið sagði frá því í gær að til skoðunar væri hvort hægt sé að taka ákvörðun um úrsögn VR úr ASÍ án undangenginnar atkvæðagreiðslu á meðal félaga.

Formaðurinn Ragnar Þór sagði að VR myndi þá segja sig úr Landsambandi verslunarmanna og VR sé aðili að ASÍ í gegnum Landssambandið. Þá yrði látið reyna á málið fyrir félagsdómi

„Það er auðvitað bara sjálfstæð ákvörðun hvort VR vill vera í Landssambandi verslunarmanna eða ekki. En ákvörðun um það er í höndum félagsmanna VR. Að

●● En ég hef ekki enn orðið var við það með hvaða hætti þessir einstaklingar ætla að tala okkur inn í samstöðu. Þeir eru mjög iðnir við það að tala okkur inn í sérstöðu. En það er ekki í sérstöðunni sem við náum árangri. Það er í samstöðunni.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



●● Við ræddum einungis þennan möguleika til að láta reyna á það fyrir dómi hvort lög ASÍ geti verið æðri okkar lögum.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



sama skapi er ákvörðun um það að vera í Alþýðusambandinu sjálfstæð ákvörðun og það fer líka eftir afstöðu félagsmanna VR.

Þessar reglur eru algjörlega klárar og um þetta fjallað í 17. grein laga ASÍ,“ segir Gylfi. Þetta séu skýr ákvæði og þau séu aldargömul.

Eftir að frétt Fréttablaðsins birtist í gær hafði Ragnar Þór samband við blaðið með tölvupósti. Sagði hann að hugsunin með því að láta reyna á málið fyrir félagsdómi væri alls ekki að sniðganga lýðræðið innan VR, heldur láta reyna á reglur ASÍ um úrsögn.

„Við ræddum einungis þennan möguleika til að láta reyna á það fyrir dómi hvort lög ASÍ geti verið æðri okkar lögum en að sjálfsögðu verður svona ákvörðun aldrei tekin nema með meirihluta stuðnings okkar félaga.“

Þannig að engar líkur eru á að endanleg ákvörðun um úrsögn verði tekin án lýðræðislegrar niðurstöðu um málið,“ sagði Ragnar síðan á Facebook.

Ítarlegri umfjöllun um verkalyðshreyfinguna er í helgarkafli blaðsins.

jonhakon@frettabladid.is

# Strætó lækkar aldursmörk fyrir eldri borgaraafslátt aftur í 67 ár

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. ákvað á fundi sínum í gær að færa aldursmörk fyrir eldri borgaraafslátt fyrirtækisins aftur niður í 67 ár úr 70 árum. Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó bs., segir að stjórnin hafi verið sammála um að breytingin væri sanngjörn og hún mun koma til framkvæmda strax.

Fréttablaðið fjallaði um misræmið í aldursmörkum í vikunni en það var árið 2011 sem viðmiðið

●● Okkur fannst sjálfsgætt að kippa þessu í lag og vonum að þetta verði til að fleiri nýti sér strætó.

Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó bs.



fyrir eldri borgaraafslátt var hækkað úr 67 árum í 70. Þannig hefur það verið síðan í strætó á meðan aðrar aldurshækkningar hafa gengið til baka. Fólk á aldrinum 67-69 ára hefur því talist til eldri borgara víðast hvar annars staðar í þjóðfélaginu nema í strætó. Þá hefur misræmið skapað vandamál fyrir öryrkja sem teljast til eldri borgara við 67 ára aldur og hefðu því tæknilega séð átt að greiða fullt fargjald í þrjú ár til sjötugs.

Stjórn Strætó skoðaði að lækka aldursmörkin aftur í 67 ár áður en gjaldskrá ársins 2018 var samþykkt en ákveðið var að fresta því þar sem stjórnin vildi vita hvað slík aðgerð myndi kosta.

„Mér finnst alveg sjálfsgætt að fólk verði eldri borgarar á sama aldri alls staðar og okkur fannst sjálfsgætt að kippa þessu í lag og vonum að þetta verði til að fleiri nýti sér strætó.“

Heiða segir breytinguna einfalda allt og loka á þær glufur sem

hækkunin myndaði á sínum tíma. Aðspurð hvort stjórnin hafi fengið upplýsingar um kostnaðinn við þessar breytingar segir Heiða að þær upplýsingar hafi fengið að ekki væri hægt að áætla það.

„Við vitum ekki hvað fólk er gamalt sem kaupir fullorðinsmiða og það er ekki hægt að áætla kostnaðinn, að sama skapi eru engar tölur um hvað þessi breyting sparaði á sínum tíma. En við erum á því að þetta sé sanngjarn.“ – smj



# TAX FREE

DAGANA 1.-5. FEBRÚAR  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfaríð á kostnað Hagkaups.



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



## Vanrækt gæluðyr tekin af eigendunum

**DÝRAVERND** Matvælastofnum (MAST) þurfti í tvisgang að fjarlægja dýr úr vörslu eigenda sinna á höfuðborgarsvæðinu í vikunni. Í fyrra málinu var gripið til tafarlausrar vörsluvíptingar á hvolpi við eftirlit stofnunarinnar vegna alvarlegrar vanhirdu og vanföðrunar. Samkvæmt upplýsingum frá MAST er óljóst hvort hvolpurinn nái sér.

Í hinu málinu átti að taka hund og kött af eiganda vegna vanhirdu og slæms aðbúnaðar, en hvorugt dýrið var á heimilinu þegar fulltrúar MAST komu á staðinn. Haft var uppi á hundinum en kötturinn er ófundinn. – smj

## Stundarsigur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Stundina og Reykjavík Media í gær af kröfu um staðfestingu lögbanns sem lagt var á fréttaplutning þeirra að beiðni Glitnis HoldCo í október síðastliðnum.

Var það mat dómsins að í umfjöllun miðlanna hefði ekki verið gengið nær einkalífi þeirra sem um ræddi en óhjákvæmilegt hefði verið í opinberri umræðu sem átti erindi við almenning.

Lögbannid verður þó enn í gildi þar til áfrýjunarfrestur rennur út eftir þrjár vikur. Áfrý Glitnir HoldCo-málinu til Landsréttar verður lögbann í gildi allt þar til niðurstaða Landsréttar liggur fyrir í málinu. – aa

# Langþreytt á draugahúsi í eigu banka á Þórshöfn á Langanesi

Bygging sem Landsbankinn og Byggðastofnun eiga á Þórshöfn á Langanesi hefur staðið auð í áráraðir. Fyrri eigendur fóru í þrot við að breyta húsinu í íbúðir. Sveitarstjórnin segir það ekki í ásættanlegu ástandi og fól sveitarstjóranum að ganga í málið.

**ÞÓRSHÖFN** „Maður er orðinn langþreyttur á þessu ófremdarástandi sem verið hefur svo lengi,“ segir Elías Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, um stórt hús á Þórshöfn sem stendur autt og er heimamönnum þyrnir í augum.

Elíasi var á síðasta fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar falið að ræða við eigendur Langanesveggar 2 um framtíðarnotkun hússins þar sem upphaflega var byggingavörðverslun Kaupfélags Langnesinga en hefur hýst ýmsa aðra starfsemi í gegn um tíðina, meðal annars fánaverksmiðju. Það er byggt 1980, er alls 543 fermetrar og hefur verið ónotað um árabil.

Félagið Lónshöfn ehf., sem eignaðist húsið 2003, var selt til nýrra aðila sem árið 2013 fengu leyfi til að inn-



Húsið sem Landsbankinn og Byggðastofnun eignuðust hvor sinn hlut í er eigandinn varð gjaldþrota. MYND/ELÍAS PÉTURSSON

**Við viljum einfaldlega að húsið sé ekki svona ljótt.**

Eliás Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð



rétta þar sex íbúðir auk þjónusturýmis. Framkvæmdir hófust undir verkstjórn Gunnólfs Lárussonar sem verið hafði sveitarstjóri er leyfi fékkst fyrir breytingunni. Lónshöfn fór hins

vegar á höfuðið á árinu 2016 án þess að verkinu væri lokið. Þá yfirtóku Landsbankinn og Byggðastofnun, húsið og hafa síðan reynt árangurslaust að koma því í verð.

Fram kemur í fundargerð að lagðar hafi verið dagsæktir á eigendur hússins vegna ástandsins en að þeir hafi andmælt sektunum. Elías segir eigendurna ekki hafa greitt sektirnar til þessa en að þeir hafi reyndar lagað nokkuð til í kring um húsið. Fram undan sé að ræða við þá um framtíðina.

„Við viljum einfaldlega að húsið sé ekki svona ljótt,“ segir Elías. „Húsið

er algjörlega í miðbænum miðjum og það þýðir að við viljum helst fá einhverja starfsemi í það sem fylgir eitthvert líf. Þannig að húsið líti vel út og að í því sé starfsemi sem nýtist sveitarfélaginu eða samfélaginu. Það getur verið blanda af íbúðum og skrifstofuhúsnæði,“ segir Elías. „Það gæti verið að sveitarfélagið komi einhvern veginn þannig að málum að það sé hægt að koma þessu á hreyfingu en það verður þó aldrei gert þannig að skattfé verði notað til að leysa einhvern úr snörinni,“ undirstrikar sveitarstjórnin. gar@frettabladid.is

**Golf Metan á vistvænu tilboði!**

ELIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU  
**5**  
★ ★ ★ ★ ★

Volkswagen Golf Metan sparar þér bæði peninga og kolefnisspor svo að þú og umhverfið njótið góðs af. Nú færðu Golf Metan á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

Vistvænt tilboð:

**2.990.000 kr.**

Verðlistaverð 3.250.000 kr.



Kynntu þér vistvænt tilboð á metanútfærslu Golf á [volkswagen.is/vistvaent](http://volkswagen.is/vistvaent)

Þú finnur fjórar metanstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina á Akureyri.



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.

Til afhendingar strax!





# Fermingarsýning Garðheima

## 3. og 4. febrúar



**30% AFSLÁTTUR**

GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS DAGANA 3. OG 4. FEBRÚAR  
20% AFSLÁTTUR AÐRA DAGA FRAM AÐ FERMINGU.

## LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13 TIL 17

- » Veisluskreytingar að hætti blómaskreyta og stílista Garðheima
- » Pantanir á áletrunum fyrir servíettur, kerti, sálmaþækur ofl
- » Tískusýning á glæsilegum fermingarfatnaði frá Cosmo kl 14:00
- » Fermingarfatnaður fyrir drengi frá Suit Up
- » Heida HB ljósmyndari kynnir fermingarmyndatökur
- » Samskipti kynnir fermingarboðskort ofl
- » Glæsilegar fermingartertur frá Sætum Syndum
- » Veislan kynnir veitingar fyrir fermingarveisluna
- » Snyrtistofan Heilsa og Útlit kynnir þjónustu sína
- » Dóttir kynnir nýja skartgripalínu
- » Nítró sýnir flottar vespur og motorcross hjól
- » Photobooth.is sýnir myndavalmöguleika fyrir fermingarveisluna
- » Lukkupottur fyrir fermingarbarnið með glæsilegum vinningum

## FORELDRAGLAÐNINGUR!

Skilið inn afrifu af fermingarbréfinu í lukkupott foreldra og eigið möguleika á að vinna foreldra-dekur:

- » Gisting fyrir tvo á Fosshótel Reykjavík með morgunverði
- » Gjafabréf frá Cosmo
- » Úttekt í Garðheimum að upphæð 25.000



Heilsa og útlit.is

SAMSKIPTIXX  
prentlausnir fyrir skapandi fólk




COSMO



FOSSHOTEL  
REYKJAVÍK



Photobooth.is



GARDHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



# Hvorki fást svör né gögn frá kirkjuráði

Fréttablaðið hefur nú beðið í fimmtán vikur eftir gögnum af fundum kirkjuráðs í haust sem leið. Í fyrstu var sagt að erindin yrðu afgreidd en í tæpa tvo mánuði hafa engin svör fengist frá biskupi og framkvæmdastjóra kirkjuráðs þrátt fyrir margitrekadar beiðnir.

**STJÓRNSÝSLA** Ekkert hefur gengið að fá gögn frá kirkjuráði varðandi margvísleg mál þrátt fyrir margitrekadar óskir Fréttablaðsins síðustu þrjá og hálfan mánuð. Engar skýringar hafa fengist frá þjóðkirkjunni vegna þessa.

Upphaflegt erindi var sent 19. október síðastliðinn á póstfang þjóðkirkjunnar og til Odds Einarssonar, framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Þar var óskað eftir afriti ýmissa gagna sem lögð höfðu verið fram á fundi kirkjuráðs rúmum mánuði fyrr, þann 12. september.

Meðal skjalanna sem óskað var eftir aðgangi að var erindi frá félagi sem heitir AS Hótel og er í fundargerð kirkjuráðs sagt varða kaup á lóðum úr landi kirkjujarðarinnar Heydala á Austurlandi. Kemur fram að kirkjuráð fól framkvæmdastjórnunum að svara erindinu. Einnig var um að ræða erindi frá ónefndum aðila um ósk um viðræður um kaup á landspildu á Valþjófsstað. Sömu leiðis var bréf frá Lögmonnum Höfðabakka sem óskuðu liðveislu í dómsmáli varðandi Kálfafellsstað.

Þá óskaði Fréttablaðið eftir ýmsum erindum sem varða veiðiréttarmál í Affallinu annars vegar og Miðfjarðará hins vegar. Eitt málið snýst um kunnuglegt atriði úr nútíma fasteignasögu þjóðkirkjunnar og er um niðurstöðu myglurannsóknar Náttúrufræðistofnunar Íslands í prestbústaðnum á Reykhólum.

Þegar þessari beiðni hafði ekki verið svarað 1. nóvember var hún ítrekuð og í leiðinni óskað eftir gögnum af næsta fundi kirkjuráðs þar á eftir sem fram hafði farið 10. október. Þar var til dæmis um að ræða greinargerð framkvæmdastjóra vegna stöðu Skálholts og erindi sóknarnefndar í Breiðholts-sókn og Fella- og Hólasókn um sameiningu sóknanna.

Skjalastjóri biskupsstofu, Ragnhildur Bragadóttir, afsakaði tafir á afgreiðslu málsins með tölvupósti 9. nóvember. Skýringin væri meðal annars miklar annir vegna kirkjuþings sem þá var fram undan. „Skal pressa á viðkomandi og fylgja málinu fast eftir,“ sagði í skeyti skjalastjórans. Annað skeyti barst 14. nóvember. „Hef sent biskupsritara orðsendingu um að hann svari þér hið snarasta.“

Síðast heyrðist frá þjóðkirkjunni varðandi þessi mál 8. desember síðastliðinn. „Það er á mínu borði að



Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, í miðri og Agnes M. Sigurðardóttir, biskup og forseti kirkjuráðs, á göngum biskupsstofu ásamt Magnúsi E. Kristjánssyni, forseta kirkjuþings sem velur í kirkjuráð. Undir kirkjuráð heyrja kirkjustaðir og ýmsar stofnanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Staða kirkjuráðs

Kirkjuráð starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, auk fyrirmæla í öðrum lögum. Þá starfar ráðið einnig samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Kirkjuráð er kosið af kirkjuþingi

og heyrir undir þingið.

Kirkjuráð hefur tiltölulega sjálfstæða stöðu í stjórnkerfi kirkjunnar og telst til æðstu framkvæmdarvaldshafa þar, með kirkjuþingi, biskupi Íslands og dóms- og kirkjumálaráðherra.

Undir kirkjuráð heyrja kirkju-

staðir og ýmsar stofnanir kirkjunnar, auk þess sem ráðið tekur þátt í samstarfi við embætti biskups Íslands og fleiri aðila og veitir fé til margvíslegra verkefna á sviði kirkjumála.

Heimild: kirkjan.is

**Síðasti kirkjuráðs-fundur ársins verður á þriðjudaginn og ég lofa að eftir hann skuli ég sinna þér.**

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, í tölvupósti 8. desember

svara þér en vandamál mitt er að fljótlega hættir að sjást í borðið mitt fyrir málum. Síðasti kirkjuráðsfundur ársins verður á þriðjudaginn og ég lofa að eftir hann skuli

ég sinna þér,“ segir í tölvuskeyti sem barst þann dag frá Oddi Einarssyni, framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Ítrekuðum óskum um afgreiðslu málsins, síðast fyrir átta dögum,

hefur síðan í engu verið svarað.

Beiðnum um afrit af gögnum sem lögð hafa verið fyrir kirkjuráð hefur fram að þessu jafnan verið svarað. Oft hafa umbeðin gögn

verið afhent en stundum ekki á þeim grundvelli að um trúnaðargögn sé að ræða. Agnes M. Sigurðardóttir biskup er forseti kirkjuráðs. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## Viltu vinna með börnum?

Leitað er eftir dagforeldrum til starfa í Reykjavík.

Nánari upplýsingar fást hjá daggæsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum borgarinnar í síma 411 1111.

Réttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra verður haldið hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar 10. mars – 11. apríl n.k.

Nánari upplýsingar í síma 664-5510/ 585-5860.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir hluta af námsgjaldi.

Til að stuðla að nýliðun meðal dagforeldra áformar Reykjavíkurborg að auka framboð á leiguhúsnæði fyrir starfsemi þar sem tveir dagforeldrar vinna saman.



  
Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Ný nefnd fer yfir upplýsingalögin

**STJÓRNMÁL** „Ekki er búið að skipa nefndina en annars vegar verða þetta fulltrúar ráðuneyta og hins vegar aðilar sem þekkja vel til málefna tjáningarfrelsis og upplýsingarfrelsis,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið en hún greindi frá því á ríkisstjórnarfundum í gær að skipuð yrði sjö manna nefnd vegna endurbóta löggjafar á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingarfrelsis.

Hún segir verkefnið tvískipt. Leitast verði við að halda áfram með vinnu sem hófst árið 2010 um að fara yfir löggjöf á sviði upplýsingamála og tjáningarfrelsis. Þá verði farið yfir gildandi upplýsingalög í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi og það metið hvort þörf sé á breytingum. – dfb

» Sjó manna nefnd mun endurskoða upplýsingalöggjöfina.

## Bíða með lóðina sem Sprettu vill

**NÝSKÖPUN** Hafnarstjórn Hafnarfjarðar mun ekki ráðstafa lóð sem sprotafyrirtækið Sprettu hefur óskað eftir við Strandgötu 86, undir gámaþorp fyrir ræktun sprettu (e. microgreens) og salats, fyrr en frekari ákvörðun liggur fyrir um framtíðarskipan á svæðinu. Telur stjórnin að um áhugavert verkefni sé að ræða en bendir á að samkeppni standi nú yfir um skipulag Flensborgarhafnar/Óseyrarsvæðisins.

Fréttablaðið greindi um miðjan nóvember frá bréfi forsvarsmanna Sprettu, þeirra Stefáns Karls Stefáns-sonar leikara og Soffíu Steingrímisdóttur, til bæjaryfirvalda þar sem þau óskuðu eftir samstarfi vegna tímabundins tilraunaverkefnis. – hg



Stefán Karl Stefánsson



# UTmessan í dag Hörpu kl. 10 - 17

## Þar sem allt tengist

## Dagskrá í ráðstefnusölum

### 12:00 SILFURBERG

Hönnunarkeppni HÍ. Fylgstu með heimasmíðuðum róbótum keyra í gegnum þrautabraut.

### 12:00 ELBORG

Sýnd upptaka af fyrirlestri 14 ára undrabarnsins Tanmay Bakshi frá ráðstefnu UTmessunnar

### 13:00 ELDBORG

Vísinda-Villi gerir tilraunir og spjallar við krakka um þetta merkilega kraftaverk sem heimurinn okkar og við sjálf erum

### 14:00 ELBORG

Sýnd upptaka af fyrirlestri 14 ára undrabarnsins Tanmay Bakshi frá ráðstefnu UTmessunnar

### 15:00 ELDBORG

Vísinda-Villi gerir tilraunir og spjallar við krakka um þetta merkilega kraftaverk sem heimurinn okkar og við sjálf erum

### 10:00 – 17:00 NORÐURLJÓS

Háskólinn í Reykjavík leyfir gestum og gangandi að prófa Makey Makey, Kano tölvur og Minecraft ásamt tölvutæting.

Mynstraleikur, mælingar á hnébeygjum, þrívíddar, Þrímtöluteljari og DeCP-myndleitarkerfi. Nýji formúlubíllinn verður á svæðinu og einnig verður mælingar-og endurhæfingarkerfi við meðferð á sjúklingum með hálskaða til sýnis.

### 10:00 – 17:00 NORÐURLJÓS

Tækniskólinn leyfir gestum að sjá og prófa ýmis nemendaverkefni svo sem spegil sem breytir andliti þínu á skemmtilegan hátt, ljósmyndavegg og HDC sýndarveruleikatölvuleik.

### 10:00 – 17:00 SILFURBERG

Háskóli Íslands gefur gestum færi á að ferðast um fjalllendi í sýndarveruleika, skapa tónlist með Wave tónlistarhringnum, sjá hvernig matur úr þrívíddarprentara verður til, ferðast um heiminn á höndunum, taka þátt í getraun sem reynir á skynfærin, sjá hvernig jarðskjálftar hafa áhrif á heimili okkar, upplifa fróðleik með Vísindasmiðjunni og skoða rafknúna kappakstur bíllinn frá Team Spark

### Aðgangur ókeypis

Opið 10 – 17

Ókeypis í bílastæðahús Hörpu

Eigðu skemmtilegan dag

í heimi tækninnar

- Prófaðu að skora mark hjá gervigreindu markmannsvélmenni
- Heilsaðu upp á Titan risavélmennið og krúttvélmennið Pepper
- Hægt verður að upplifa og prófa sýndarveruleika í sýningarbásum víðsvegar um svæðið
- Þola netþjónar að liggja í vatni?
- Reyndu að stýra fjarstýrðum snjall-vöruflutningabíl í gegnum þrautabraut
- Fáðu innsýn í hvernig heimurinn lítur út í viðbættum veruleika
- Prófaðu að teikna beint á skjái
- Hentu rusli í snjallrustatunnu!

sjá nánar á [utmessan.is](http://utmessan.is)

ský

SI  
Samtök iðnaðarinnar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

.origo.

Deloitte.

sensa

Opin Kerfi

UTmessan.IS



## Faðir reyndi að ráðast á Nassar

**BANDARÍKIN** Faðir tveggja af þolendum Larrys Nassar, kynferðisbrotamannsins og fyrrverandi læknis fimleikaliðs Bandaríkjanna á Ólympíuleikunum, reyndi í gær að ráðast á Nassar í dómsal í Michigan þar sem kveða áttu upp úrskurð um refsingu Nassars.

Faðirinn, Randall Margraves, var stöðvaður af þremur öryggisvörðum en áður en hann stökk að borðinu sem Nassar sat við bað hann um „fimm mínútur í klefa með þessum djöfli“. Þeirri bón hafnaði Janice Cunningham dómari.



Larry Nassar

Dætur Margraves, þær Madison og Lauren, höfðu skömmu áður greint frá ofbeldinu sem Nassar beitti þær. Þær eru í fjölmennum hópi 265 þolenda Nassars sem var í síðustu viku dæmdur í fjörtíu til 175 ára fangelsi eftir að dómari heyrði vitnisburð 160 þolenda. – þea

## Níutíu fórust á leið frá Líbíu

**LÍBÍA** Talið er að níutíu flóttamenn á leið frá Líbíu til Evrópu hafi drukknad þegar bát þeirra hvolfdi í gær. Frá þessu greindi Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Þrír lifðu slysið af og sögðu þeir frá því að stærstur hluti þeirra sem er saknað hafi verið Pakistanar auk nokkurra Líbíumanna. Tíu líkum skolaði á land í Líbíu í gær. – þea

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að pólska þingið hefði samþykkt frumvarp sem gerir refsivert að segja pólska einstaklinga gerendur í helförinni. Hið rétta er að enginn verður sóttur til saka fyrir að tala um glæpi einstaklinga, eingöngu fyrir að segja pólsku þjóðina meðseka. Bedist er velvirðingar á mistökunum.

# Fleiri handtekin fyrir andstöðu við aðgerðir Tyrkjahers í Afrin

Bannað er að tala gegn aðgerðum Tyrkja í Afrin-héraði Sýrlands. Forysta tyrknesku læknasamtakanna handtekin sem og andstæðingar Erdogan-stjórnarinnar sem lýstu vanþóknun sinni á samfélagsmiðlum. Alls hafa rúmlega 300 verið handtekin frá því að aðgerðirnar í Afrin hófust.

**TYRKLAND** Yfirvöld í Tyrklandi fyrirskipuðu í gær handtöku þrettán einstaklinga sem lýstu yfir stuðningi við málstað samtaka tyrkneskra lækna (TTB) en samtökin birtu fyrir um daginn grein þar sem aðgerðir Tyrkjahers í Afrin-héraði Sýrlands voru harðlega gagnrýndar.

Dagblaðið Hurriyet greindi frá handtökunum en þær koma í kjölfar fyrirskipunar ríkissaksóknara um að handtaka skyldi ellefu háttsetta meðlimi TTB, meðal annars formanninn. „Nei við stríði, friður strax!“ var heróp samtakanna sem birtist í greininni. Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, var harðorður í garð þeirra sem stóðu að yfirlýsingunni og sakaði viðkomandi um landráð.

Þau þrettán sem handtekin voru í gær lýstu yfir stuðningi við TTB á samfélagsmiðlum. „Stríð er dauði, eyðilegging, blóð og tár. Nei við stríði,“ sagði í einu tistinu sem Reuters vísaði í.

Fyrirnefnd 24 eru þó langt frá því að vera ein á báti. Alls hafa rúmlega 300 verið handtekin vegna færslna á samfélagsmiðlum sem „gagnrýndu, voru í andstöðu við eða rangtúlkuðu“ aðgerðir hersins í Afrin, að því er ríkisstjórnin greindi frá.

Aðgerðirnar í Afrin snúast um að reka YPG, hersveitir Kúrda, í burtu frá héraðinu sem á landamæri að



Sýrlenskur uppreisnarmaður og tyrkneskur hermaður, samherjar gegn Kúrdum, veifa fánum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

## 13

voru handtekin í gær fyrir að lýsa andstöðu sinni á samfélagsmiðlum.

Tyrklandi. Telja Tyrkir YPG vera hernaðararm Verkamannaflokks Kúrda (PKK) en flokkurinn er álitinn hryðjuverkasamtök af Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu.

Þessu mati Tyrkja eru flestir aðilar hernaðarbandalagsins gegn Íslamska ríkinu, sem Bandaríkjamenn eru í forsvari fyrir og YPG og Tyrkir tilheyra, ósammála.

Óháð félagasamtök hafa gagnrýnt handtökur forsprakka TTB harðlega. Til að mynda hafa bæði Amnesty International og Alþjóðalæknasamtökin kallað eftir því að réttindi lækna séu virt og öll mál gegn þeim verði felld niður.

„Þessar handtökur eru varhuga-verð þróun sem grefur undan lögum og reglu sem og sjálfstæði og hlutleysi tyrkneskra dómstóla,“ sagði í sameiginlegri yfirlýsingu Johann-

esar Hahn, stækkunarstjóra ESB, og Federicu Mogherini, utanríkismálastjóra ESB.

Þá greinir Reuters frá því að bandamenn Tyrkja í vestri óttist nú mjög að Erdogan sé að nýta sér aðgerðir hersins til þess að kæfa raddir stjórnarandstæðinga.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem Erdogan-stjórnin fyrirskipar fjöldahandtökur. Eftir misheppnaða valdaránstílraun árið 2016 voru um fimmtíu þúsund handtekin fyrir meintan stuðning við útlæga klerkin Fethullah Gulen og um 150.000 opinberir starfsmenn misstu vinnuna. thorgnyr@frettabladid.is

## Sameinuðu þjóðirnar vilja blaðamenn Reuters í Mjanmar tafarlaust úr fangelsi

**MJANMAR** Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna kallaði í gær eftir því að Wa Lone og Kyaw Soe Oo, blaðamenn Reuters, yrðu leystir úr haldi. Þeir Lone og Oo hafa verið í fangelsi í Mjanmar frá því þeir voru handteknir þann 12. desember, grunaðir um að hafa brotið upp lýsingalög ríkisins þegar þeir leitðu að upplýsingum um þjóðernishreinsanir ríkisstjórnarinnar á Róhingjum í Rakhine-héraði.

„Við köllum eftir því að þeir verði tafarlaust leystir úr haldi og að ákærurnar á hendur þeim verði felldar niður. Alvarleg aðför ríkisstjórnar Mjanmar að tjáningarfrelsinu er okkur mikið áhyggjuefni,“ sagði Rupert Colville, talsmaður stofnunarinnar, á blaðamannafundi í Genf í gær.

Beiðni þeirra Oo og Lone um lausn gegn tryggingu var hafnað á fimmtudaginn. Ye Lwin dómari sagði að brotið sem um ræðir væri þess eðlis að lausn gegn tryggingu væri ekki í boði.

Stephen J. Adler, ritstjóri Reuters, lýsti vonbrigðum sínum með ákvörðunina. „Þeir hafa nú verið í fangelsi í fimmtíu daga. Þeir ættu að fá að vera með fjölskyldum sínum á meðan réttarhöldin standa yfir.“

Than Zaw Aung, lögmaður blaðamannanna, sagði eftir höfnun dóm-



Aðgerðum lögreglunnar í Mjanmar hefur verið mótmælt. NORDICPHOTOS/AFP

ara að upplýsingarnar sem málið snerist um hefðu nú þegar verið aðgengilegar almenningi. Lögreglumaður hafi greint frá því er hann bar vitni að þær hefðu þá þegar birst í dagblöðum.

Alls hefur meira en hálf milljón fólks af þjóðflokki Róhingja flúið heimkynni sín í Rakhine-héraði og haldið til Bangladess eftir að ofbeldi braust þar út í ágúst í fyrra. Þáverandi mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna lýsti því yfir að um

þjóðernishreinsanir væri að ræða og síðar sagði hann möguleika á að framið væri þjóðarmorð á Róhingjum. Sagðist hann hafa heyrt sögur af því að Róhingjar væru skotnir til bana án dóms og laga og að bæir þeirra væru brenndir.

Nú stendur til að flytja flóttamennina heim aftur og á þeim flutningum að vera lokið árið 2019. Óháð félagasamtök hafa lýst áhyggjum af flutningunum og telja óvist að Róhingjum verði vel tekið. – þea



Reykjavíkurborg

## AFNOT AF KJARVALSSTOFU Í PARÍS

á tímabilinu 3. ágúst 2018 til 27. júlí 2019

Kjarvalsstofa er stúdíóíbúð/vinnuástaða, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts sem rekur stofuna. Á árinu 2018 verða þau 1.104 evrur fyrir tveggja mánaða dvöl fyrir einstakling. Úthlutað er að lágmarki í tvo mánuði í senn, en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði ekki verið lengri en 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuástöðu, þ.á.m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn. Stjórn Cité Internationale des Arts leggur áherslu á að dvalartíminn sé vel nýttur í vinnu umsækjanda að list sinni. Nánari upplýsingar um Kjarvalsstofu er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018 kl. 16.00.

Sækja skal um á Rafrænni Reykjavík, rafræn.reykjavik.is.

Frekari upplýsingar veitir skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs í s. 411-6020 eða á netfanginu menning@reykjavik.is.

Stjórn Kjarvalsstofu í París



# ÚTSÖLULOK!

25-50 % AFSLÁTTUR AF  
HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU



## HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.





# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL!

### CITROËN C3

MEIRA EN 25 ALPJÓÐLEG VERÐLAUN  
OG CITROËN ÞÆGINDI

Verð frá: 1.970.000 kr.



### VOLVO XC60

JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018  
VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI!

Verð frá: 6.790.000 kr.



### PEUGEOT 3008

BÍLL ÁRSINS  
Á ÍSLANDI 2018

Verð frá: 3.740.000 kr.





**NYR!**

**CITROËN C3 AIRCROSS SUV**

**CITROËN ÞÆGINDI**

**KOMDU  
OG MÁTAÐU!**




**Verð frá: 2.990.000 kr.**

**MAZDA CX-5**

**TILNEFNDUR TIL TITILSINS  
BESTI BÍLL Í HEIMI!**

Verð frá: 5.190.000 kr.

TILNEFNING



**FORD FIESTA**

**MEST SELDI SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU Í MÖRG ÁR!**

Verð frá: 2.250.000 kr.

**MEST SELDI  
SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU**



**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ  
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG**

**Ekki missa af fjörinu!  
– Komdu í Brimborg í dag**

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á



## SKOÐUN

## Ekki bíða



Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is

Áttatíu prósent offeitra barna á grunnskólaaldri glíma við offitu fyrir lífstíð samkvæmt nýrri skýrslu bresku Barnalæknasamtakanna. Líkur eru á að ævi offeitra barna verði áratug styttri en jafnaldrar þeirra, sem ekki glíma við offitu.

Síðustu æviárin eru þessu fólki oft erfið. Mikil þyngd dregur úr getu fólks til að hreyfa sig, stunda útivist og hollt lífni. Það kemur í bakvið á fólki. Við verðum berskjölduð fyrir kvillum, sem fylgja kyrrsetu. Þyngdin veldur álagi á líkamann, sem fer illa með stoðkerfið. Þannig skerðast lífsgæðin.

Lærdómurinn er að fyrstu árin séu mikilvægust. Þá strax þarf að taka vandann föstum tókum. Á unglings- og fullorðinsárum er gjarnan erfitt fyrir einstaklinga að rjúfa vítahring óhollustu og hreyfingarleysis. Lengi býr að fyrstu gerð.

Barnalæknasamtökin telja brýnt að löggjafinn og hið opinbera gripi inn í þessa atburðarás með almennum aðgerðum. Þeir mæla með vitundarvakningu, líkri þeirri sem næstum hefur náð að útrýma reykingum í okkar heimshluta.

Fyrir örfáum árum var reykingafólk alls staðar – í bílunum, strætó, í flugvélum, heima við og á vinnustað þótti sjálfsgætt að spúa óhollustunni yfir alla, líka þá sem ekki reyktu. Þessu var breytt með samstilltu átaki. Sambærilegar herferðir gegn offitu eru þegar farnar af stað í Bretlandi. Auglýsingar birtast á ljósvakanum, sem hvetja til hollra háttá og neyslu betri matar.

Sjónum er mjög beint að sykri, sem lævislega hefur verið bætt í matvörur á undanförunum árum. Ekki síst mjólkur-afurðir, sem oft innihalda meiri sykurlaði. Er seldar sem heilnæmar afurðir. Þannig er komið í bakvið á grandalausú fólki.

Barnalæknasamtökin vilja ganga langt. Þau vilja leggja blátt bann við auglýsingum á ruslfæði, einkum í tengslum við efni sem ætlað er börnum og unglíngum. Þau vilja að búllum sem halda skyndibita að börnum í námunda við skóla verði lokað. Þau tala fyrir sykurskatti, ekki síst á gosdrykki.

Við ættum að fylgjast grannt með þessari umræðu. Við erum meðal feitustu þjóða í Evrópu ef marka má mælingar, þrátt fyrir að við búum við ákjósanlegar aðstæður til heilbrigðs lífneis. Hér er nóg athafnasvæði, tært og heilnæmt loft, hreint vatn og víðast hvar þrýðilegar aðstæður til íþróttaiðkunar og afþreyingar, ekki bara fyrir afreksfólk heldur flestalla sem vilja stunda holla hreyfingu.

En einhvers staðar strandar boðskapurinn. Hann nær ekki til allra. Offita og tilheyrandi vanheilsa kosta okkur stórfé í heilbrigðiskerfinu. Líklega fela forvarnir og góð leiðsögn í sér meiri sparnað en nokkuð annað í kerfinu. Ríkið hefur skattlagningarvaldið og á að beita því til neyslu-stýringar. Gjöld á óhollustu eiga að vera há. Æ augljósari rök eru fyrir því að flokka sykurlaði með tobaki og áfengi.

Hið opinbera á að leitast við að gera öllum kleift að stunda heilbrigða hreyfingu. Einnig hvetja til lífsmynsturs, sem felur í sér aukna hreyfingu. Góðar almenningssamgöngur gera það. Borgarlínan er grein á þeim meidi.

Íþróttalíf á Íslandi er til fyrirmyndar. Nú er kominn tími til að taka næsta skref. Hið opinbera getur ýtt við fólki og hjálpað því að taka ábyrgð á sjálfu sér.



Sjónum er mjög beint að sykri, sem lævislega hefur verið bætt í matvörur á undanförunum árum. Ekki síst mjólkur-afurðir, sem oft innihalda meiri sykurlaði.

## Gunnar



## Mín skoðun

Guðmundur Steingrímsson



## Meistaramánuður og lífið

Einhverra hluta vegna ákvað ég að meistaramánuður væri í janúar en ekki febrúar. Ég er því búinn að vera afskaplega duglegur undanfarið. Ég hef synt og farið í Mjólni, út að skokka, fastað í 16 tíma á sólarhring, hugleitt og sleppt öllu áfengi. Ég gerði auðvitað ráð fyrir því að í lok þessa mánaðar yrði ég eins og grískt góð. Maginn yrði sléttur, ég stæltari, sálin í góðu jafnvægi og allt á tanderhreinu.

En það er öðru nær. Ég sit hérna með nefrennsli og hósta, föllur í framan og með bauga undir augum. Eitthvert fjárans bráðaofnæmi er að ergja mig eða snertur af flensu. Það ýlir í stifluðu nefinu. Kallinn er pirraður. Fátt er að ganga upp. Maginn er langt því frá sléttur. Konan mín sagði hlæjandi að hún hefði aldrei séð mig líta svona illa út. Ég held að það sé óhætt að segja að áður en ég fór í klippingu á mánudaginn hafi ég litið út eins og Saddam Hussein þegar Bandaríkjaher fann hann ofan í holunni.

## Vonbrigði tilvistarinnar

Svona er lífið. Í vikunni rak ég augun í Ted-fyrirlestur. Hann var fluttur af bandaríska sálfræðingnum Susan David. Hún segir að það sé orðið landlægt í menningunni að fólk reyni að útrýma vonbrigðum og slæmum tilfinningum. Fólk skammast sín fyrir að líða illa. Fólk á að líða vel. Annað er misheppnað.

Susan vill meina að þetta sé hin mesta villa og ég er sammála henni. Lífið er fullt af vonbrigðum. Markmið nást ekki fyrr en seint og um síðir eða jafnvel aldrei. Manni getur líðið eins og skít. Þessar tilfinningar eru líka mikilvægar og þær verða að sjást. Að öðrum kosti skapast blekkingarheimur glansmyndar þar sem allir halda að öllum líði rosalega vel nema þeim, sem aftur getur skapað meiri óhamingju allra. Að mínu

viti kallast þessi heimur, þegar verst lætur, Facebook. Stundum Ísland.

## Einmana Musk

Ég las um daginn sallaft viðtal við Elon Musk, eiganda Teslu. Musk er að gera spennandi hluti. Allt að gerast. En viti menn. Hann er ekki hamingjusamur. Engin kona tollir í sambandi með honum. Hann vaknar einn á morgnana. Þetta var frábært viðtal vegna þess hversu einlægur Musk var. Ég finn raunverulega til með honum. Hann er líka manneskja.

## Hinn sammannlegi díll

Mótlæti er órjúfanlegur hluti þess að lifa. Þótt maður næði einhvern tímann því fáheyrða markmiði að upplifa að allt væri fullkomið, maður sæti með fólkinu sem maður elskar uppi á fjallstíndi í logni, í hvítum kufli, sandöllum, með vel snyrt skegg, hvítar tennur, sléttan maga, fullt af tekjum af nýju appi sem bjargar veröldinni frá tortímingu, búinn að smíða geimskutlu og hlaupa 35 maraþon, þá er allt eins víst að maður væri með magapínu, andstygglegt kyli á nefinu eða fullur kvíða út af lífinu fram undan.

Í upphafi meistaramánaðar er eins gott að átta sig á þessu. Lífið er erfitt. Engin manneskja er laus við erfiðleika. Lífið snýst um að kljást við þá og reyna að hafa gaman af því. Það er enginn annar díll í boði. Hið skemmtilega er að við erum saman í þessari súpu. Öll. Og ég segi það ekki: Stundum nást markmiðin. Í fyrradag kláraði ég að taka til í kjallaranum og búa mér til aðstöðu fyrir smíðatólin mín með vinnuborði og hvaðeina. Mér leið býsna vel á eftir, þangað til ég fékk brjáláð hóstakast út af rykinu sem ég þyrtaði upp með sópnunum.

**Sjónvarpsdreifikerfi**  
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**sart** SAMTÖK RÁFVERKTAKA



# UTmessan 2018

Laugardaginn 3. febrúar kl. 10-17 í Hörpu

## ORIGO FÆRIR ÞÉR FRAMTÍÐINA Á UTMESSUNNI

Kíktu í stuðið á Origobásnum á UTMessunni þar sem risavélmennið **Titan** tekur á móti þeim sem þora.

## SKORAR ÞÚ EINS OG MESSI? VÍTAKEPPNI VIÐ ROBOKEEPER

## HEILSAÐU UPP Á KRÚTTVÉLMENNIÐ PEPPER

## KLAPPAÐU RISAEÐLUM MEÐ GERVIGREIND

## UPPLIFÐU 360 GRÁÐU UNDRAGEIM



.origo.



# Sex lið slógu félagaskiptametið í janúar

Tæpur þriðjungur liðanna í ensku úrvalsdeildinni sló félagaskiptametið í fjörugum janúarglugga sem var lokað á miðvikudaginn. Öll stærstu liðin í deildinni fengu til sín stór nöfn og liðin í botnbaráttunni tóku einnig þátt í eyðslunni sem hefur aldrei verið meiri.

Ingví Þór Sæmundsson  
ingvithor@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Félagaskiptaglugganum svokallaða var lokað á miðvikudaginn. Liðin í ensku úrvalsdeildinni eyddu samtals 150 milljónum punda í leikmenn á gluggadeginum sem var afar fjörugur. Met var slegið í janúarglugganum en alls keyptu liðin í ensku úrvalsdeildinni leikmenn fyrir 430 milljónir punda. Gamla metið frá 2011 var 225 milljónir punda samkvæmt úttekt Deloitte's Sports Business Group.

Liðin í ensku úrvalsdeildinni eyddu langmest í leikmenn ef lítið er á fimm stærstu deildir Evrópu. Spænska úrvalsdeildin kom næst með 250 milljónir punda. Liðin í þýsku, frönsku og ítölsku úrvalsdeildunum eyddu samtals 135 milljónum punda í leikmenn í síðasta mánuði.

## Tiðindi frá Bítlaborginni

Janúarglugginn opnaðist og lokaðist með hveli. Liverpool stal fyrirsögnunum framan af mánuði, fyrst með kaupunum á Virgil van Dijk og svo með sölnunni á Philippe Coutinho til Barcelona.

Það var takti einnig mikla athygli þegar Manchester United og Arsenal skiptu á Henrikh Mkhitaryan og Alexis Sánchez. Everton styrkti sóknarlínuna með Theo Walcott og Cenk Tosun en seldi Ross Barkley til Chelsea.

Það var svo nóg um að vera á lokadegi félagaskiptagluggans. Arsenal keypti Pierre-Emerick Aubameyang frá Borussia Dortmund fyrir metverð, seldi Oliver Giroud til Chelsea sem lánaði svo Michy Batshuayi til Dortmund. Manchester City gerði Aymeric Laporte að dýrasta leikmanni í sögu félagsins, Tottenham keypti Lucas Moura frá Paris Saint-Germain og Swansea City og Stoke City opnuðu veskið upp á gátt. Og annan gluggadaginn í röð gerði Riyad Mahrez örvæntingafulla tilraun til að komast frá Leicester City en án árangurs.

## Tæpur þriðjungur sló metið

Alls bættu sex af 20 liðum ensku úrvalsdeildarinnar félagaskiptametið sitt í janúarglugganum í ár, þ.e. keyptu leikmann fyrir metverð. Liverpool reid á vaðið þegar félagið keypti Van Dijk frá Southampton fyrir 75 milljónir punda. Hann er ekki bara dýrasti leikmaður í sögu Liverpool heldur einnig dýrasti varnarmaður allra tíma.

Annan félagaskiptagluggan í röð keypti Arsenal framherja fyrir metverð. Síðasta sumar borgaði félagið 46,5 milljónir punda fyrir Alexandre Lacazette og á miðvikudaginn keyptu Skytturarnar Aubameyang frá Dortmund fyrir 56 milljónir punda.

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, fékk ósk sína uppfyllta þegar félagið keypti Laporte frá Athletic Bilbao. Kaupverðið nam 57 milljónum punda sem gerði hann að næstdýrasta varnarmanni sögunnar. City hefur alls eytt 272 milljónum punda í leikmenn á þessu tímabili, mest allra liða í ensku úrvalsdeildinni. Og síðan Guardiola tók við sumarið 2016 hefur City keypt leikmenn fyrir 418 milljónir punda.

Liðin í fallbaráttunni létu einnig til sín taka í janúarglugganum. Southampton fékk sand af seðlum



Virgil van Dijk er bæði dýrasti leikmaður í sögu Liverpool og dýrasti varnarmaður allra tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

## Dýrustu leikmenn liðanna í ensku úrvalsdeildinni

Félag	Leikmaður	Verð (pund)	Frá	Tímasetning
Arsenal	Pierre-Emerick Aubameyang	56 milljónir	Dortmund	31. janúar 2018
Bournemouth	Nathan Aké	20 milljónir	Chelsea	sumar 2017
Brighton	Jürgen Locadia	14 milljónir	PSV	janúar 2018
Burnley	Chris Wood	15 milljónir	Leeds	sumar 2017
Chelsea	Álvaro Morata	58 milljónir	Real Madrid	sumar 2017
Crystal Palace	Christian Benteke	32 milljónir	Liverpool	sumar 2016
Everton	Gylfi Þór Sigurðsson	45 milljónir	Swansea	sumar 2017
Huddersfield	Steve Mounié	11,4 milljónir	Montpellier	sumar 2017
Leicester	Islam Slimani	29 milljónir	Sporting	sumar 2016
Liverpool	Virgil van Dijk	75 milljónir	Southampton	janúar 2018
Man City	Aymeric Laporte	57 milljónir	Athletic Bilbao	31. janúar 2018
Man Utd	Paul Pogba	89 milljónir	Juventus	sumar 2016
Newcastle	Michael Owen	16 milljónir	Real Madrid	sumar 2005
Southampton	Guido Carrillo	19 milljónir	Monaco	janúar 2018
Stoke	Giannelli Imbula	18,3 milljónir	Porto	janúar 2016
Swansea	André Ayew	18 milljónir	West Ham	31. janúar 2018
Tottenham	Davinson Sánchez	42 milljónir	Ajax	sumar 2017
Watford	Andre Gray	18,5 milljónir	Burnley	sumar 2017
West Brom	Salomón Rondón	12 milljónir	Zenit	sumar 2015
West Ham	Marko Arnautovic	20 milljónir	Stoke	sumar 2017

» Liðin í ensku úrvalsdeildinni keyptu leikmenn fyrir 430 milljónir punda í janúarglugganum. Gamla metið var 225 milljónir.

# 272

milljónir punda hefur Manchester City borgað fyrir leikmenn á þessu tímabili, mest allra í ensku úrvalsdeildinni.

» Michael Owen er enn dýrasti leikmaður í sögu Newcastle. Hann var keyptur á 16 milljónir punda frá Real Madrid sumarið 2005.

fyrir Van Dijk og nýtti tækifærið til að kaupa argentínska framherjann Guido Carrillo fyrir metverð (19 milljónir punda). Nýliðar Brighton keyptu hollenska framherjann Jürgen Locadia frá PSV Eindhoven fyrir 14 milljónir punda sem er það mesta sem félagið hefur greitt fyrir leikmann.

Þá keypti Swansea City André Ayew frá West Ham fyrir metverð (18 milljónir). Swansea fékk Ayew á frjálsri sölu sumarið 2015 og seldi hann svo fyrir metverð til West Ham ári seinna. Ayew er nú kominn aftur til Swansea þar sem hann hittir fyrir bróður sinn, Jordan Ayew.

## Risa sjónvarpssamningur

Fjárhagslegt bolmagn liðanna í ensku úrvalsdeildinni jókst gríðarlega þegar nýr sjónvarpssamningur tók gildi sumarið 2016. Verðmæti hans er rúmlega fimm milljarðar punda, sem er 71% hækkun frá síðasta sjónvarpssamningi sem gildi frá 2013 til 2016.

Liðin í ensku úrvalsdeildinni hafa mikið fé milli handanna og tækifæri til að láta til sín taka á félagaskiptamarkaðinum. Líka „litlu“ liðin sem hafa efni á því að taka áhættu og gera mistök í leikmannakaupum.

Síðan ný sjónvarpssamningurinn tók gildi hafa 18 af þeim 20 liðum sem leika nú í ensku úrvalsdeildinni slegið félagaskiptamet sitt. Annað af þeim tveimur liðum sem hefur ekki gert það, West Brom, sló það sumarið 2015 þegar það keypti Salomón Rondón frá Zenit fyrir 12 milljónir punda.

## Newcastle situr eftir

Hitt liðið er Newcastle United en félagaskiptamet þess frá 2005 stendur enn. Þá keypti Newcastle Michael Owen frá Real Madrid fyrir 16 milljónir punda. Það er því ekki að furða þótt stuðningsmenn Newcastle séu orðin langþreyttir á ástandinu og vilji að Mike Ashley selji félagið.

Newcastle gerði Alan Shearer að dýrasta leikmanni heims þegar það keypti hann frá Blackburn fyrir 15 milljónir punda 1996. Nú er öldin önnur og svo virðist sem Newcastle hafi setið eftir í baráttunni á félagaskiptamarkaðnum.



# VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR:  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. MARS



**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**

Úthlutað verður úr sjóðnum á sumardaginn fyrsta, 19. apríl 2018.  
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**

Farðu á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is) og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður að komast í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR 



# RISA

## LOKAHELGIN

Allt að

# 60%

afsláttur

Enn meiri afsláttur af völdum

# EKKI MISSA

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.



# ÚTSALA



VEFVERSLUN



[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

OPIN ALLTAF

vörum og sýningareintökum

# AFÞESSU!!



# Sundlaugaleikhús

## Zumba og slökun

Sundlauganótt verður haldin í kvöld og þá verður frítt í sund frá klukkan 18.00 til 22.00 í níu sundlaugum höfuðborgarsvæðisins. Ýmsar skrautlegar uppákomur verða í laugunum. Þá verður fjör á bókasöfnum borgarinnar og haldinn Heimsdagur barna, þemað í ár er myrkraverur.

**V**etrarhátíð setur svip sinn á lífið í landinu og fer fram í öllum sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Ýmsir viðburðir tengdir menningu, listum, íþróttum og útiveru verða í boði með sérstakri áherslu á unga fólkið. Þá verða byggingar lýstar upp í einkennislitum hátíðarinnar, grænum og fjólubláum, og að sögn aðstandenda hátíðarinnar hafa aldrei fleiri tekið þátt í þessu samspili ljóss og myrkurs. Sundlauganótt verður haldin í kvöld og verður frítt í sund frá klukkan 18.00 til 22.00 í níu sundlaugum höfuðborgarsvæðisins. Ýmsar uppákomur verða í laugunum, það verður dansað, sungið og slakað á. Í nýopnaðri Sundhöll Reykjavíkur bregður Götuleikhús Hins hússins á leik fyrir gesti. Gestir í laugum borgarinnar eru hvattir til að taka þátt í uppákomum í lauginni.

Barnafjölskyldur hafa úr nógu að móða því að Heimsdagur barna fer einnig fram í dag í öllum menningarhúsum Borgarbókasafnsins. Á Heimsdegi barna gefst börnum og fjölskyldum tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum smíðjum og ævintýrum í öllum menningarhúsum Borgarbókasafnsins: Árbæ, Gerðubergi, Grófinni, Kringlunni, Sólheimum og Spönginni. Í ár hafa myrkraverur tekið yfir



**Í DAG ER HALDINN HEIMSDAGUR BARNNA Á SÖFNUM BORGARBÓKASAFNSINS FRÁ 13.00 TIL 16.00 OG ÞEMAÐ Í ÁR ER: MYRKRAVERUR!**

söfnin; draugar, nornir, beinagrindur, skrímsli og uppvakningar. Boðið verður upp á búningsmiðjur, föndursmiðjur, getraunir og ýmislegt fleira sem er hægt að kynna sér á heimasíðu Borgarbókasafnsins, borgarbokasafn.is. kristjanabjorg@frettabladid.is



Þær Kristrún Kolbrúnardóttir og Sóley Anna Benónýsdóttir bregða á leik í Sundhöllinni. Í kvöld verður Götuleikhópur Hins hússins með atriði í sundlauginni. MYND/ÁSA

### Einu sinni var Óhapp í Bankastræti



Vetrarveðrið í janúar árið 1971 setti strik í reikninginn. Strætisvagn lenti í erfiðleikum á leiðinni niður Bankastræti, rann til í hálkunni og endaði á umferðarljósastaur á gatnamótunum við Lækjargötu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

### Um helgina, af hverju ekki að...



Friðrika Hjördís Geirsdóttir.

#### Á GÖNGUSKÍÐUM FYRIR VESTAN

„Ég er að fara í gönguskiðaæfingabúðir með góðum kvannahópi um helgina,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir sem fagnaði nýverið fertugsafmæli.

#### LESA

Haust í Skírisskógi, þriðju skáldsögu Þorsteins heitins frá Hamri. Fjörug og óvenjuleg ævintýrasaga sem Forlagið gaf nýverið út á kiljuformi.



#### HORFA

á stærstu stríðsmynd sem gerð hefur verið á Norðurlöndum. Kvikmyndin Óþekkti hermaðurinn er eftir Väinö Linna og gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Sögu sviðið er stríðið milli Finnlands og Sovétríkjanna 1941-1944. Myndin er sýnd í Bíói Paradís.



Glæsilegur

# Hyundai Tucson

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskíptur, bensín eða dísil



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjór hjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.



Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**A**lda Hrönn Jóhannsdóttir er komin aftur til starfa til lögreglunnar á Suðurnesjum. Þar starfaði hún áður en hún var lánuð yfir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir að Sigríður Björk Guðjónsdóttir var skipuð lögreglustjóri embættisins.

Síðustu ár hennar í starfi hafa einkennt af átökum í kjölfar mikilla breytinga sem gerðar voru á verklagi og skipulagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá sérstaklega í málum sem varða heimilisofbeldi, kynferðisbrot og mansal.

Alda Hrönn segist stolt þegar hún lítur yfir farinn veg. Og þótt hún hafi oft á ferlinum verið alveg að niðurlotum komin vegna álags og mótlætis þá sé starfið henni mikilvægt. Það hafi aldrei komið til greina að gefast upp, það brenni á henni að gera samfélag okkar betra, fyrir alla.

#### Grunnurinn lagður í byrjun

Alda Hrönn var laganemi við Háskóla Íslands þegar hún fékk starf í sumarafleysingum hjá lögreglunni í Hafnarfirði. „Eldri bróðir minn var sumarafleysingamaður hjá lögreglunni og mér fannst þetta spennandi. Svo þótti þetta eftirsóknarvert starf með lögfræðinámi. Þetta var skemmtilegasta vinna sem ég hafði unnið,“ segir Alda Hrönn sem hóf störf hjá lögreglunni sumarið 1999.

„Maður fékk eiginlega að gera allt. Á þessum tíma var töluvert af ómenntuðu fólki við störf. Ég fór því í útköll og fékk að spreya mig í aðstæðum á vettvangi.

Ég man vel eftir fyrstu útköllunum og þegar ég horfi til baka þá held ég að grunnurinn hafi verið lagður þarna þegar ég byrjaði. Ég þurfti stundum að fara inn á heimili fólks í erfiðar aðstæður og það snerti mig,“ segir hún.

#### Misboðið og sagði upp

Alda Hrönn hóf strax störf hjá sýslumanninum í Hafnarfirði eftir útskrift, þar starfaði hún í nokkur ár þar til leið hennar lá til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Það var um áramótin 2006-2007 en þá var sameining embættanna á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum tíma var verið að stofna kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og ég var lögfræðingur þeirrar deildar. Ég hafði mikinn metnað fyrir þróun deildarinnar og starfaði að henni í níu mánuði.

Ég var hins vegar ekki ánægð með þær skipulagsbreytingar sem urðu þar, þannig að ég ákvað að hætta. Ég sagði bara upp,“ segir Alda Hrönn.

*Hvað var það sem truflaði þig svo mikið að þú ákvaðst að hætta?* „Við vorum tvær í nýrri deild, svokallaðri rannsóknareiningu ákærusviðs, sem sögðum upp því okkur var misboðið. Vorum mikið búnar að vera í samræðum við nýjan lögreglustjóra, Stefán Eiríksson, um þróun deildarinnar. Við vorum þrjár konur og tveir karlar sem vorum reynslumest í deildinni. Stefán sagði okkur að sennilega yrði flatt skipurit, enginn yfir öðrum. Ef breyting yrði á myndi verða auglýst í þær stöður svo allir hefðu möguleika á að sækja um. Þegar á reyndi var það ekki þannig. Það var búið að ákveða að karlmennirnir tveir fengju stöðurnar sem voru í boði. Við þrjár, konurnar í deildinni, fengum þær ekki og ekki heldur möguleika á að sækja um þær. Stöðurnar voru ekki auglýstar. Við vorum tvær sem sögðum upp. Í framhaldinu var skipulagi á akærusviði breytt.“

Á þessum tímamarki ætlaði Alda Hrönn að hætta alfarið í lögreglunni. „Ég hafði val. Vildi ég sætta mig við ákvörðun lögreglustjóra eða ekki? Ég ákvað að hætta og sótti um ýmsar stöður. Einhvern veginn heillaði ekkert mig nógu mikið. Þá fékk ég tilboð frá lögreglunni á Suðurnesjum og ég ákvað að slá til,“ segir Alda Hrönn frá.



Alda Hrönn segir þörf á gagngerum breytingum á menningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún lýsir mótstöðu við innleiðingu á breyttu verklagi og megnri kvenfyrirlitningu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# LÖKE-málið tók á

**Öldu Hrönn Jóhannsdóttur** var gefið að sök að hafa misbeitt lögregluvaldi við rannsókn LÖKE-málsins. Málið var fellt niður að rannsókn lokinni. Málsmeðferðin gekk henni nærri. Hún lýsir mótstöðu og kvenfyrirlitningu sem hún mætti í starfi sínu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hún starfar nú hjá lögreglunni á Suðurnesjum



**ÉG BER EKKI KALA TIL**

**NEINS. ÉG ÆTLA HINS**

**VEGAR EKKI AÐ VERA MEÐ**

**VIRK MEÐ ÞEIM AÐILUM**

**SEM SÝNA AF SÉR SVONA**

**HEGÐUN EÐA SÝNA KONUM**

**FYRIRLITNINGU.**

Suðurnesjum var sameining embættanna nýafstaðin. „Slíkt er alltaf erfitt í byrjun en á Suðurnesjum græddum við á því. Mannafliinn þar er mjög góður. Það er líklega vegna þess að í teyminu starfar mikið af fólki sem býr á svæðinu. Því þykir vænt um Suðurnesja og er tilbúið að leggja mikið á sig. Þetta er ekki fjölmennt lögreglulífið en getur flest. Það er öðruvísi að starfa í litlu samfélagi, hluttekningin er meiri. Nálægðin skiptir máli.“

Margt stendur upp úr frá tíma Öldu Hrannar á Suðurnesjum á þessum árum. Kreppan lék Nesin grátt. Félagsglegur vandi varð meiri. Á þessum árum tókst Alda Hrönn á við þung og stór mál. „Mál föður sem braut á dóttur sinni var erfitt.

**Góður mannaflí á Suðurnesjum** Þegar Alda Hrönn fór til starfa á

## LÖKE-málið

### Hvað er LÖKE?

LÖKE er málaskrárkerfi lögreglunnar. Lögreglumenn eiga að bera þagnarskyldu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfsins og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Leki úr LÖKE-málaskrárkerfinu er litinn alvarlegum augum.

### Um hvað snerist málið?

LÖKE-málið varðaði meint brot lögreglumanns vegna uppflettingar og meðferðar á upplýsingum úr upplýsingakerfi lögreglunnar, LÖKE. Í upphafi var lögreglumaðurinn ákærður fyrir að hafa flett upp nöfnum kvenna og deilt í lokuðum hópi á Facebook og einnig fyrir að hafa deilt upplýsingum um þrettán ára dreng.

Saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara greindi frá því að ekki hefði verið hægt að útiloka að í meirihluta tilvika hafi uppflettingar tengst starfi lögreglumannsins. Því var fallið frá hluta ákæruliða. Verjandi lögreglumannsins sakaði Öldu Hrönn um rangar sakargiftir í málinu.

Lögreglumaðurinn var sakfellður fyrir þann ákærulið sem varðaði uppflettingu á deilingu á upplýsingum úr LÖKE um unglingsdrenginn. Hann hafði haft afskipti af honum í starfi og sendi tölvupóst til annars manns með nafni og lýsingu á drengnum. Honum var ekki gerð refsing.

Öldu Hrönn var gert að stiga til hliðar á meðan héraðssaksóknari rannsakaði störf hennar. Henni var gefið að sök að hafa misbeitt lögregluvaldi við rannsókn málsins.

Málið gegn Öldu Hrönn var fellt niður að rannsókn lokinni. Garðar Steinn Ólafsson, lögmáður tveggja einstaklinga í málinu, segir samt að úr niðurstöðunni megi lesa að Alda hafi verið ábyrg fyrir ágöllum á rannsókninni þó að henni hafi ekki verið refsað fyrir það.

Dómurinn varð einn sá þyngsti sem féll í kynferðisbrotamáli á Íslandi á þessum tíma. Þessi mál eru alltaf erfið og reyna á,“ segir hún.


### Stór og þung mál

Annað eftirminnilegt mál er stórt mansalsmál sem tengdist glæpasamtökum í Litháen og kom upp árið 2009. Alda Hrönn og félagar hennar í lögreglunni á Suðurnesjum unnu sleitulaust að rannsókn málsins. Nítján ára litháísk stúlka fylltist ofsahræðslu í flugvél á leið til Íslands. Í ljós kom að hún var svipt frelsi af mönnum sem fluttu hana til landsins og hýstu í því skyni að notfæra sér hana kynferðislega eða að selja hana í vændi. Málið var gríðarlega stórt í sniðum og krafðist alþjóðlegs samstarfs. Á endanum voru fimm Litháar dæmdir, einn í fimm ára fangelsi og fjórir í fjögurra ára fangelsi, fyrir mansal. Þetta er fyrsti og eini dómurinn hér á landi þar sem sakfelld hefur verið fyrir mansal.

„Það var mjög mikil vinna sem fór í þetta mál hjá okkur öllum, skýrslur og upplýsingar að utan komu gjarnan á kvöldin og það þurfti að vinna úr þeim. Þarna sannaðist hversu góður mannaflinn var á Suðurnesjum, samstilltur hópur. Á þessum tíma lærðum við mikið, Sigríður Björk var þá komin til Suðurnesja og var lögreglustjóri. Hún lagði mikið upp úr endurmenntun og sendi mig til dæmis áður en þetta mál kom upp á mína fyrstu ráðstefnu um mansal í Vín. Það kom sér vel.“

*Hvað varð um stúlkuna sem var polandi?* „Ég veit ekki nákvæmlega hvar hún er í dag. Það er erfitt að vinda ofan af svona ofbeldi og áföllum. Síðast þegar ég frétti af henni, þá voru það góðar fréttir. En maður lærir líka að sleppa tökunum. Mestu máli skipti á þessum tíma að bjarga lífi hennar hreinlega, henni og fleiri






Allt að sjötíu prósentu  
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG OG Á MORGUN SUNNUDAG,  
3. OG 4. FEBRÚAR**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)







Alda Hrönn var fyrsti aðstoðarlögreglustjóri Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

vitnum stafaði veruleg hætta af þessum mönnum sem voru dæmdir.“

#### Samhugur um breytingar

Mikill árangur varð af starfi lögregluöðsins á Suðurnesjum á þessum árum frá efnahagshruni til ársins 2014. „Við breyttum verklagi í ofbeldismálum og frá því að við breyttum því fengum við ekki sýknu í þeim málum til ársins 2014. Eitthvað vorum við að gera rétt. Ég held það hafi verið í krafti smæðarinnar sem breytingarnar gengu vel fyrir sig á Suðurnesjum. Allir voru með okkur í verkefninu og tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Félagsþjónustan og barnaverndin til dæmis. Við vorum ekki að þróa byltingarkenndar aðferðir, bara breyta nálgun og nýta þær heimildir og úrræði sem við höfðum. En þegar samhugur verður um að koma breytingum í gegn eins og gerðist á Suðurnesjum þá er það mjög dýr-mætt samfélaginu.“

#### Mótlæti og kvenfyrirlitning

Flutningur í embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom henni að óvörum. „Við vorum á fullum krafti. Það var enginn á leiðinni neitt þar til kallið kom til Sigríðar Bjarkar

með engum fyrirvara árið 2014. Það liðu aðeins faeinar vikur og þá vorum við nokkur frá Suðurnesjum komin til starfa í Reykjavík. Hluti af flutningi Sigríðar Bjarkar til Reykjavíkur fólst í því að innleiða verklagið frá Suðurnesjum. Til þess að geta gert það tók hún mig með sér. Hún fékk mig lánaða til embættisins í eitt ár. Ég starfaði fyrst sem aðstoðarlögreglustjóri. Að ári liðnu var lánið framlengt í annarri stöðu, aðallögfræðingi embættisins. Lánið rann út 1. október síðastliðinn og þá þurfti ég að velja hvað ég vildi gera. Ég valdi að fara aftur til lögreglunnar á Suðurnesjum og fyrir því eru margar ástæður,“ segir Alda Hrönn.

#### Í skjóli valds og úreltra viðhorfa

Alda Hrönn lýsti einnig í langri færslu á Facebook í tilefni #metoo-átaksins karllægri menningu, fyrirlitningu og áreitni. Hún nefndi sérstaklega eitt atvik þar sem karlkyns stjórnandi kallaði hana „kerlingartussu“ fyrir framan marga starfsmenn sem heyrðu undir hana. Þá hafi hún ítrekað verið áreititt kynferðislega.

„Ég ber ekki kala til neins. Ég ætla hins vegar ekki að vera meðvirk með þeim aðilum sem sýna af sér svona hegðun eða sýna konum fyrirlitningu. Það verður að vera hægt að taka á þessu. Það verður líka að gera breytingar í lögreglunni rétt eins og annars staðar í samfélaginu. Það hefur verið lítið gert úr lýsingum kvenna á kynferðislegri áreitni innan lögreglunnar. Bæði

af konum og körlum. Til dæmis í kjölfar skýrslu sem kom út fyrir nokkrum árum um kynferðislega áreitni innan lögreglunnar. Það er ekki endalaust hægt að segja „þetta er ekki satt“. Þetta er satt. Ég var sjálf í lögreglunni. Ég veit hvað er verið að tala um.“

Alda Hrönn segir að þær breytingar sem voru gerðar á áherslu og verklagi hafi líka mætt mótsstöðu. „Auðvitað er þetta að sumu leyti eðlilegt. Fólk er hrætt við breytingar. En þetta er líka menning sem hefur myndast á vinnustaðnum. Það er til dæmis ekki sama menning á Suðurnesjum.

Sigríður Björk var fyrsti kvenlögreglustjórinn í Reykjavík. Ég var fyrsti kvenaðstoðarlögreglustjórinn. Sumir vildu kalla áherslur okkar „mjúk mál“. Það er fjarstaða. Þetta eru hörðu málin, varða fólk og börnin sem eru framtíðin.“

Alda Hrönn segir mótlætið hafa reynt á. „Mótlætið sem við mættum var stundum fyrirstaða,“ segir hún. Ekki hafi alltaf verið farið eftir nýju verklagi. Þá hafi einnig verið deilt á nýjar áherslur. Nú geri það fáir. Enda hafi árangurinn verið góður. „Rannsóknir sýna það að breytingarnar voru til góðs. Þolendur benda sjálfir á þetta. Loksins hafi þeir fengið hjálp.“

#### Kom ekki til greina að gefast upp

Alda Hrönn segir aldrei hafa komið til greina að gefast upp.

„Áreitnin og mótlætið, karlamenningin. Landssamband lögreglumanna vann gegn okkur. Það var við afl að etja. Þetta er mjög ljýandi til lengdar. Ég hefði aldrei nennt þessu ef starfið væri ekki svona gefandi. Það kom aldrei til greina að gefast upp og árangurinn talar sínu máli. Ég er stolt af honum. Þetta var mjög „töf“ tími og mótaði mig. Sem manneskju og starfsmann. Ég er mjög einbeitt í því hvað ég vil gera, hvað ekki. Ég er líka gersamlega óhrædd við að tjá mig um þessi málefni.“

Það sem reyndi mest á Öldu Hrönn var hins vegar svokallað LÖKE-mál. Hún var send í leyfi frá störfum í október 2016 eftir að settur héraðssaksóknari hóf rannsókn á störfum hennar. Öldu Hrönn var gefið að sök að hafa misbeitt lögregluvaldi við rannsókn á gagnaleka lögreglumanns úr upplýsingakerfi lögreglunnar, LÖKE. Sá lögreglu-maður var sakfelldur í Hæstarétti Íslands fyrir að hafa greint vini sínum frá því á Facebook að hann hefði verið skallaður af ungum dreng við skyldustörf. Áður var lögreglu-maðurinn ákærður fyrir að fletta upp konum í LÖKE, frá árinu 2007 til 2013, og deila upplýsingum um þær í lokuðum Facebook-hópi með starfsmanni símafyrirtækis og lögmanni. Sá hluti ákærunnar var felldur niður og þótti ekki studdur gögnum.

Nýverið staðfesti Bogi Nilsson, settur ríkissaksóknari, ákvörðun héraðssaksóknara um að fella niður mál gegn Öldu Hrönn. Í niðurstöðu Boga kemur fram að hvorki lögreglustjórinn á Suðurnesjum né embætti ríkissaksóknara, sem Alda Hrönn hafði leitað samráðs við í málinu,

í gögnin. Það er vilji til þess hjá ríkissaksóknara. Ég fer því og sæki þau og fer með á Suðurnes. Þangað skila ég þeim. Í framhaldinu er haldinn fundur yfirmanna og ákveðið í samráði við ríkissaksóknara að greina málið frekar. Ég hafði engin afskipti af málinu á meðan það var í greiningu. Og sá reyndar aldrei gögnin þótt ég hefði komið þeim til skila.“

#### Þarf að taka hart á leka

Alda Hrönn bendir á að ábendingar almennra borgara um leka úr LÖKE eigi að taka alvarlega. Lögreglumenn eiga að bera við þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfsins og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Hún hefur lengi verið talsmaður þess að breyta umgjörð kerfisins. „Ég veit að það er mikill vilji hjá ríkislögreglustjóra til að gera það. Þetta er alltaf spurning um að hverju lögreglumenn þurfa að hafa aðgang, vinnu sinnar vegna, og hvaða upplýsingar þurfi að vernda. Við þurfum að gæta þagmælsku. Það þarf auðvitað að taka hart á því ef upplýsingar eru misnotaðar, þeim lekið eða eitthvað slíkt,“ segir Alda Hrönn.

Hún segist furða sig á því hvers vegna hún hafi verið tekin fyrir í málinu. Rannsókn setts héraðssaksóknara stóð í fyrstu í fjóra mánuði og á meðan var Alda Hrönn í leyfi.

Rannsóknin var tekin upp aftur vegna vanhæfis lögreglumanns sem rannsakaði málið. Hann tjáði sig um þær sakir sem bornar voru á Öldu Hrönn á Facebook-síðu hennar og sagði að honum hefði verið „fljótt ljóst, að kærur þessar varðandi ætluð brot af hálfu Öldu Hrnar, voru með öllu tilhæfulegsar og hefði þessum málum átt að ljúka mun fyrir en raunin varð“.

Höfst þá önnur rannsókn sem stóð í um 12 mánuði. Óvissan hefur því varað lengi. „Þetta reyndi á mig og alla í kringum mig líka. Ég held að þetta sé fyrsta mál sinnar tegundar þar sem persóna er tekin fyrir með þessum hætti. Ég veit að ég gerði ekkert rangt. Þó að við getum alltaf farið yfir verkferlana og gert betur. Þetta var fyrir margra hluta sakir ótrúlega erfitt, og ég velti því oft fyrir mér af hverju ég væri í lögreglunni. Hvort það væri virkilega þess virði. Maður stendur einn þegar svona kemur upp, en lærir af því. Ég hef samt skilning á að fólk leiti réttar síns, finnst því á sér brotið.

En ég var kærð fyrir brot gegn nærri því öllum lagabálki íslenska lýðveldisins. Niðurstaðan varð sú að engin sérreksilagaákvæði né heldur refsíkvæði almennra hegningarlaga hafi komið til álita önnur en ákvæði 132. gr. sem rannsóknin leiddi í ljós að ég hefði ekki brotið gegn.“

#### Þekkir umkomuleysið

Alda Hrönn ætlar að reyna að nýta sér reynsluna af LÖKE-málinu. „Ég veit núna hvernig er að vera í þessari stöðu. Að vera sakborningur. Ég þekki umkomuleysið og veit hvað það skiptir miklu máli að óvissan vari sem styt. Nú eru liðin tvö ár síðan ég var kærð. Þessi tími var erfður og það hefði verið heppilegra fyrir alla að rannsóknin hefði tekið styttri tíma. Ég hef ekki getað tjáð mig um málsástæður og geri það reyndar ekki að fullu enn,“ segir hún.

„Ég er opinber starfsmaður sem er bundinn þagnarskyldu og get því illa svarað fyrir þær ásakningar sem ég hef ítrekað orðið fyrir í þessu máli nema að verulega litlu leyti opinberlega. Niðurstaðan er hins vegar skýr, ég braut ekki af mér. Ég tel mig samt ekki vera neitt fórnarlamb í þessu máli. Lífið er ekkert alltaf auðvelt, það lofaði því enginn. Ég vil samt geta rætt málin og er ekki smeyk við það. Svona er þetta bara. Mín störf eru ekkert hafin yfir gagnrýni en ég geri ávallt mitt besta. Störf mín fyrir lögregluna á Suðurnesjum eiga hug minn allan núna. Það er gott að vera hluti af því að breyta kerfinu og bæta það.“

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísu.



Blaðamannafundur vegna mánsmálsins árið 2009. Jóhannes Jensson aðstoðaryfir lögregluþjón, Alda Hrönn Jóhannsdóttir, þá staðgengill lögreglustjóra, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, þá lögreglustjóri á Suðurnesjum, og Arnar Jensson, sem þá var aðstoðaryfir lögregluþjón hjá EUROPOL. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Bætum við  
vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

# ÚTSÖLUNNI FER AÐ LJÚKA 20-75% afsláttur! AF YFIR 4500 VÖRUM




KAFFIVÉLAR,  
ELDHÚSÁHÖLD,  
POTTAR OG PÖNNUR,  
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,  
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,



## LÝKUR UM HELGINA!

HRÁÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÖT,  
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,  
BAÐVOGIR OG MARGT  
FLEIRA!



## RÝMINGARSÖLUVÖRUR Á 50-75% AFSLÆTTI



BÆTUM VIÐ VÖRUM OG HÆKKUM AFSLÁTTINN

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

# byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • [BYGGTOGBUID.IS](http://BYGGTOGBUID.IS)

Líkaðu við okkur  
á Facebook:  
[www.facebook.com/  
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)



# Musk áformar engin uppvakningarágnarök

Einn ríkasti maður heims lætur rafbílaveldi sitt og áform um að byggja upp samfélag á Mars ekki duga sér. Í vikunni seldi hann almenningi eldvörpur fyrir milljarð króna. Óvíst er hvort um grín sé að ræða eða hvort einhver ástæða liggi að baki þessu nýjasta ævintýri Elons Musk.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



Sögusagnir um að ég sé í laumi að skipuleggja uppvakningarágnarök til þess að auka eftirspurn eftir eldvörpum eru með öllu ósannar.“

Þessu tisti Elon Musk, tugmilljarðamæringur og tæknijöfur, í vikunni. Þótt ótrúlegt megi virðast koma þessi orð nefnilega hvorki úr kvikmynd né tölvuleik. Eitt fyrirtækja Musks, The Boring Company, hefur nefnilega selt almenningi eldvörpur fyrir tíu milljónir dala, andvirði um milljarðs króna, á fjórum dögum. Geri aðrir betur.

## Musk og milljarðarnir tuttugu

Maður þarf að vera ansi ríkur til þess að geta selt almenningi eldvörpur fyrir milljarð í gríni. Og það er Musk svo sannarlega. Eignir hans eru metnar á tuttugu milljarða Bandaríkjadala, andvirði tveggja billjóna króna.

En hvernig hefur Musk auðgast svona mikið og hvaðan kom þessi maður?

Þegar hann flutti frá heimalandi sínu, Suður-Afríku, árið 1988 settist hann að í Kanada. Í þá daga hlúði hann að grænmeti á búgarði frænda síns í Waldeck auk þess að starfa við ræstingar í timburverksmiðju. En ævintýrið hófst ekki fyrir alvöru fyrr en eftir að hann hætti námi við Stanford.

Þá stofnaði hann með bróður sínum sprotafyrirtækið Zip2 sem sá vefmiðlum fyrir landakortum og öðrum upplýsingum. Ágætlega gekk hjá Zip2 og keypti tæknirísinn Compaq fyrirtækið árið 1999. Musk græddi 22 milljónir dala á sölnunni.

Tólf þeirra milljóna nýtti Musk til að stofna nýtt fyrirtæki, X.com, sem hann taldi fram tíð fjármálaþjónustu. Ári seinna, árið 2000, rann X.com saman við höfudandstæðing sinn, Confinity, og úr varð greiðsluþjónustufyrirtækið PayPal sem margir nota enn í dag. Þegar eBay keypti PayPal árið 2002 runnu nærri 200 milljónir dala í vasa Musks eftir skatt.

Musk varð hins vegar ekki milljarðamæringur fyrr en árið 2012. Einhvern veginn tókst honum að mokgræða í geirum þar sem frekar er búist við tapi, að því er kemur fram í umfjöllun Forbes frá sama ári. Hefur hann auðgast einna mest á rafbílafyrirtæki sínu, Tesla, og þá er ótalið geimferðafyrirtækið

SpaceX. Auk þess á Musk hluta í sólarorkufyrirtækinu SolarCity og svo hið fyrrnefnda Boring Company.

## Göng, ekki leiðindi

Öfugt við það sem nafnið gefur til kynna er viðfangsefni Boring Company ekki leiðindi. Fyrirtækið starfar nefnilega á sviði gangagerðar. „Til að leysa vandamál sálar-tortímandi umferðarteppa verða vegir að vera í þrívídd. Það krefst annaðhvort fljúgandi bíla eða jarðganga,“ segir á vefsíðu fyrirtækisins.

Hugmyndin gengur út á að þéttrið net jarðganga undir stórborgum geti leyst umferðarvandann. Segir í lýsingunni að lykilatriði til að þetta gangi upp sé að grafa hraðar og ódýrar. Það sé markmiðið með stofnun fyrirtækisins.

Þá verði einnig hægt að nýta göngin til þess að koma upp svokölluðu Hyperloop-samgöngukerfi sem tækniahugamenn hafa lengi rætt um. Slikt kerfi myndi bjóða upp á almenningssamgöngur á leifturhraða og segir á síðu Boring Company að hægt yrði að ferðast frá New York til Washington DC á tæpum hálf tíma. Sambærileg vegalengd er á milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Til að auka hraðann í gangagerð ætlar fyrirtækið að framleiða aflmeiri borvélar, breyta aðferðafræðinni og gera vélarnar sjálfvirkar. Auk þess er áformað að fjárfesta meira í rannsóknum og þróun í geiranum en á vefsíðu fyrirtækisins segir að engin alvöru framþróun hafi orðið á þessu sviði í hálföld.

## Húfur, ekki göng

Hins vegar virðist ekki hafa verið nóg fyrir þetta nýja krúnudjásn Musks að bora göng. Í nóvember á síðasta ári setti Boring Company í sölu á vefsíðu sinni derhúfur með merki fyrirtækisins á tutt-



ugu dali stykkið, eða um 2.000 krónur.

Salan gekk vonum framár og var upplagið einungis 50.000 húfur. Breytti Musk lýsingunni á Twitter-síðu sinni í „hattasölu-maður“ og lofði því að tíu heppnir kaupendur fengju að skoða starfsemi fyrirtækisins í Los Angeles.

Musk stakk upp á því í byrjun desember, þegar 30.000 húfur höfðu selst, að ef húfurnar seldust

upp gæti hann byrjað að selja eldvörpur. Skiljanlega héldu þó margir að um grín væri að ræða.

En maður sem ætlar að byggja upp samfélag á Mars og fullyrðir að mannkynið búi í sýndarveruleika grínast ekki með eldvörpur. „Ég veit að þetta er ekki alveg í samræmi við vörumerkið okkar en krakkarnir elska þetta,“ tisti Musk þann 11. desember.

## Eldvörpur, ekki húfur

Það var svo þann 28. janúar sem eldvörpunar fóru í forsölu á vefsíðu Boring Company. „Eldvörpur Boring Company eru vel til þess fallnar að rista jarðhnetur,“ tisti Musk þá og birti mynd af tveimur starfsmönnum að munda eldvörpunar.

Hann tisti jafnframt öðru myndbandi sama dag þar sem hann sást hlaupa í átt að myndatökumanninum með eldspúandi byssuna á lofti, áður en hann stoppaði og sprakk úr hlátri. „Ekki leika þetta eftir.“

Og Musk var ekki hættur. Síðar um daginn tísti hann: „Þegar uppvakningarnir rísa upp munuð þið verða fegin því að þið keyptuð eldvörpur. Ég ábyrgist að þær virka vel á uppvakninga, annars fáid þið endurgreiðslu.“

„Augljóslega eru eldvörpur ótrúlega slæm hugmynd. Ekki kaupa ykkur eintak,“ tisti Musk enn fremur áður en hann hélt áfram, andartaki síðar: „Ekki nema þið njótið þess að skemmta ykkur.“

Nokkrum tístum og fjórum dögum síðar voru allar 20.000 eldvörpunar uppseldar. Samkvæmt vefsíðunni verða þær komnar til neytenda í vor en stykkið kostaði litlar 50.000 krónur.

Eldvörpunum fylgja slökkvítæki, merkt fyrirtækinu, og þurftu kaupendur að samþykkja skilmála fyrirtækisins áður en gengið var frá greiðslu.

Það er þó ekki alltaf tekið út með sældinni að selja eldvörpur og heyrðust efasemdaraddir strax í upphafi. Musk sagði hins vegar að þar sem eldurinn skytist ekki lengra en þrjá metra úr byssunni væri hún í



**AUGLJÓSLEGA ERU ELDVÖRPUR ÓTRÚLEGA SLÆM**

**HUGMYND. EKKI KAUPA**

**YKKUR EINTAK. EKKI**

**NEMA ÞIÐ NJÓTIÐ ÞESS**

**AÐ SKEMMTA YKKUR.**

lagi samkvæmt reglum Skotvopnaeftirlits Bandaríkjanna.

Í samtali við tæknifréttsiðuna CNET sagði talsmaður fyrirtækisins að eldvörpunar væru „öruggari en vörur sem þú getur keypt úti í búð til þess að útrýma illgresi. Eldvörpunar eru eins og rússíbanar sem hannaðir eru til þess að vera skemmtilegir án þess að vera hættulegir. Hættulegar eldvörpur eru nú þegar undir ströngu regluverki og er eignarhald á þeim þeirra leyfisskyld í Kaliforníu.“

Miguel Santiago, þingmaður Demókrata í fulltrúadeild Kaliforníuþings, reyndi að koma í veg fyrir sölu eldvörpunnar. Sagði hann á Twitter að hann væri hneykslaður á framferði Musks. „Ef þetta er grín þá er þetta ákaflega ósmekklegt í ljósi þess að verstu skógareldar í sögu ríkisins eru nýslokkaðar. ÞETTA ER EKKI FYNDIÐ OG ÞETTA MUN EKKI GERAST.“

En hvers vegna í ósköpunum er einn ríkasti maður heims að selja eldvörpur og grínast með uppvakninga? Ef marka má umfjöllun Reuters gæti einfaldlega verið um fjáröflunarherferð að ræða. „Þessi nýjasta fjáröflunarherferð fer í gang þegar fjármálagreinendur og fjárfestar í Tesla velta vöngum yfir því hvort Musk þurfi að afla milljarða í viðbót fyrir fyrirtækið sem nær engan veginn að anna eftirspurn.“



# FYRIR ÞORRA ÍSLENDINGA





# Geimskipið sem opnar fyrir sköpunarkraftinn

Teiknimyndin Lói – þú flýgur aldrei einn, var frumsýnd í vikunni, en **Árni Ólafur Ásgeirsson** leikstjóri segist vonast til þess að myndin eigi eftir að bera hróður íslenskrar kvikmynda-gerðar víða um lönd.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**D**ag einn fékk ég símtal og hef aldrei áður verið svona málaði ef svo má segja. Friðrik Erlingsson á handritið og fór með það til Gunnars Karlssonar teiknara og Hilmaris Sigurðssonar framleiðanda en þeir gerðu saman þór á sínum tíma. Gunnar og Hilmar voru þá nýbúinir að stofna fyrirtækið Gunhill sem var til húsa í kjallaranum heima hjá Gunna, þannig að þetta byrjar smátt en draumarnir eru stórir,“ segir Árni Ólafur Ásgeirsson, kvikmynda-leikstjóri og leikstjóri teiknimyndarinnar Lói – þú flýgur aldrei einn sem var frumsýnd nú í lok vikunnar.

Árni Ólafur segir að hann hafi fengið þetta símtal fyrir einum fimm árum. „Ég hitti þá á fundi og þeir buðu mér að taka að mér að leikstýra verkefni. Ég horfði á þá í dálitla stund og spurði þá svo bara hvort það væri ekki allt í lagi með þá. Ég hef aldrei komið nálægt vinnu við teiknimynd og að auki get ég ekki einu sinni teiknað egg til þess að bjarga líf minni. En auðvitað varð ég spenntur svo ég fékk að lesa handritið og þá féll ég kylliflatur fyrir þessari sögu því hún er falleg.“

## Fyrst útvarpsleikrit

Árni Ólafur er lærður kvikmynda-leikstjóri frá virtum skóla í Póllandi en þar var ekki hugað að því sérstaklega hvernig maður leikstýrir teiknimyndum. En hvernig leikstýrir maður teiknimynd?

„Ég áttaði mig fljótlega á því að þetta er ekkert svo ólíkt því að leikstýra hverri annarri kvikmynd. Ef þú myndar þér senu og í henni eru tvær manneskjur sem sitja við borð og eru að tala saman eins og við núna, þá þarf myndavélin að vera einhvers staðar. Síðan þarf á ákveðnum tímamarki að ákveða hvenær við klippum úr víða skotinu og yfir í nærmyndina og hina nærmyndina og svo framvegis. Það þarf að útfæra þessa senu listrænt og það er hlutverk leikstjórans.“

En auðvitað eru þetta mjög mörg þrep. Við handteiknum hvern einasta ramma áður en við förum með þetta í tölvurnar en áður en að því kemur töku við upp allar raddirnar og gerum bara útvarpsleikrit. Við gerðum það fyrir tveimur árum úti í London með breskum leikurum vegna þess að frumútgáfan er á ensku. Þetta er gert svona vegna þess að talið og hreyfingarnar á munnunum, eða öllu heldur goggunum í þessu tilviki, þurfa að passa saman. Hreyfast í takt við orðin.

## Tvær sekúndur á dag

Þannig að mjög stór hluti af minni



Árni Ólafur segir að það sé svona gottvont að láta frá sér þessa mynd eftir svona langa meðgöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lói lendir í ýmsum ævintýrum sem fylgir bæði dramatík og syngjandi gleði.

vinnu fór fram á fyrstu stigum vinnslunnar. Að leggja alla myndina og taka ákvarðanir sem átti síðan eftir að teikna. Þegar þetta er komið í tölvuna sit ég með kvikurumum, eins og animators eru kallaðir á íslensku, og við setjum tilfinningarnar í andlitsdrættina og hreyfingarnar og í raun tala ég við kvikarana eins og ég sé að tala við leikara. Þessir teiknarar eru ótrúlega hæfileikarík og magnað að sjá hvernig þeir ná að fanga tilfinningar. Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því hvað það er mikil vinna á bak við þetta vegna þess að með full-

komnasta tölvubúnaði og bestu forritum sem er hægt að fá, svona eins og við erum að vinna þetta í, þá er góður kvikari að skila af sér tveimur sekúndum á dag.

Góð vika er 10 sekúndur og við vorum að gera 90 mínútna mynd,“ segir Árni Ólafur og getur ekki annað en hlegið við tilhugsunina áður en hann bætir við: „Þess vegna fær maður bara eitt tækifæri og enga aðra töku og verður að sjá þetta fyrir sér og það ferli felur í sér heilmikla listræna ákvörðun. Þannig að maður verður bara að rækta búddamunkinn í sér.“

## Gríðarleg tækifæri

Þó að hér sé unnið með erlendum framleiðendum þá er þetta gríðarlega stórt verkefni hvernig sem á það er litið. En skyldi Árni Ólafur hallast að því að það felist tækifæri í alþjóðlega teiknimyndageriranum fyrir íslenska kvikmyndagerð? „Málið er að þetta er fyrst og fremst fjölskylduskemmtun. Myndin sem slík er fyrst og fremst fyrir börn en vonandi geta foreldrarinn komið með og skemmt sér ágætlega. En ef við hugsum aðeins um hvað það eru mörg börn í heiminum sem eru bara að bíða eftir næstu teiknimynd hvort sem hún er í sjónvarpi eða kvikmyndahúsi, þá kemur í ljós að það er í raun ekki búið að rækta þennan markaðsþykja mikið og að þarna er fullt af tækifærum.“

Það sýnir sig vel á því að þetta er í fyrsta skipti sem ég geri

teiknimynd og það er búið að selja hana til 55 landa í kvikmyndahúsi og það áður en hún kemur út. Hún verður sýnd í bíó í öllum þessum löndum en kaupendurnir hafa ekki einu sinni séð hana, eftirspurnin er svo gríðarleg. Í kjölfar frumsýningar herna heima sýnum við hana fullkláraða í Berlín eftir mánuð og hver veit hvað gerist þá? En þetta segir okkur hversu stórt tækifæri er í þessum bransa.“

## Blóð, sviti og milljarður

Árni Ólafur segir að sagan sem Friðrik hafi skrifað sé tímalaust ævintýri sem geti líka farið auðveldlega á milli ólíkra menningarheima. „Við myndfærum það á nútímalegan hátt en hann er samt að vinna með þessi klassísku minni. Þetta er mynd um vináttu, ástina, það að missa trúna á sjálfum sér og óðlast hana aftur – allt svona klassísk falleg þemu sem eiga alltaf erindi og þá sérstaklega við svona ungar sálir. Þetta er alþjóðlegt.“

En síðan gerist það að myndin er talsett á 55 tungumál og þannig á hún er óháð tungumálinu. Ef þú nærð þessu, að vera með góða sögu sem er ekki gisl tungumálsins, þá opnast einhverjar dyr, einhver markaður sem ég hef aldrei kynnst áður. Það var meiri háttar mál að selja minar fyrri myndir eins og Brim eða Blóðbönd í sjónvarp í útlöndum en þetta er eitthvað allt annað. Eitthvað sem er alveg meira en þess virði að rækta.“

Þegar Árni Ólafur byrjaði að vinna að þessu verkefni kom honum á óvart hversu margir Íslendingar hafa lært teiknimyndagerð og búa yfir mikilli þekkingu á því sviði.

„Barna er reyndar mjög mikil sérhæfing og við erum kannski ekki með nægilega þekkingu til þess að fylla upp í allar stöður og ekki með fjármagn til að klára svona stór verkefni enda erum við að framleiða þessa mynd fyrir fjármagn frá Belgíu að miklu leyti. Þeir eiga alveg fullt í þessari mynd enda kostar milljarð að búa hana til að ógleymdu því að hún kostar blóð svita og tár sem er ekki síður mikils virði.“

En fyrst og fremst er þetta íslensk mynd, íslensk saga um íslenska lóu í íslensku umhverfi og þess vegna ber hún vonandi hróður íslenskrar kvikmyndagerðar víða um heim.“

## Eðlisfræði og geimskip

En hvernig er að koma svona barni í heiminn eftir margra ára meðgöngu? „Já, það er nú svona gottvont,“ segir Árni Ólafur og glottir. „Það er að sjálfsögðu rosalegur léttir en það er kannski vond samliking en þetta er samt dálítið eins og að vakna á sunnudegi eftir gott djamm og hugsa með sér: Eg ætla aldrei, aldrei aftur að fá mér í glas. En svo kemur fimmtudagur,“ segir Árni Ólafur og skellihlær. „Ætli það verði ekki svoleiðis með næstu mynd.“

Sérðu þá fyrir þér að halda áfram að leikstýra teiknimyndum? „Ég vona að í framtíðinni haldi ég áfram að gera leikið efni en það þýðir ekki að ég vilji ekki gera teiknimyndir, langt frá því. Það er eitt við það að gera teiknimyndir sem er þau lögmál sem þær myndir lúta. Geimskipið og allt verður að vera þannig í bíómyndum að þú verður að trúa því að það geti flogið en í teiknimyndum á það ekkert við. Að því leyti er þetta dálítið eins og að vera í leikhúsi þar sem má allt, alveg sama hversu abstrakt það er. Öll þessi lögmál eðlisfræðinnar eiga ekki við í teiknimyndum og það opnar fyrir skapandi kanala sem maður nánast vissi ekki að væru til. Þess vegna finnst mér þetta spennandi vettvangur.“

Hin stóra áskorunin er svo að finna barnið í sér. Setja sig í spor þess. Þessi mynd er skemmtileg og dramatísk og Lói lendir í alls konar ævintýrum og við vildum ekki gefa krökkuunum einhvern afslátt af dramanu heldur treysta þeim og bera virðingu fyrir þeim. Hvernig það á svo eftir að ganga verður bara að koma í ljós en ég hef engar áhyggjur,“ segir Árni Óli og brosir.





# Meira ferskt



## Blóðappelsínur

Þótt áhorfendatölur hafa farið niður á við síðustu tvö ár, eftir mikla fjölgun áhorfenda árin þar á undan, er Super Bowl eina sjónvarpssefnið sem yfir 100 milljónir manna sitja yfir í Bandaríkjunum. Í fyrra horfðu 111 milljónir manna á leikinn, sem er fimmta mesta áhorf allra tíma. Mikið er lagt í auglýsingarnar í hálfleik og kosta 30 sekúndur í ár ögn meira en fimm milljónir dollara. Að sögn Dans Lovinger, yfirmanns hjá NBC-sjónvarpsstöðinni, er búist við að um 500 milljónum dollara verði eytt í auglýsingar þetta árið. Meira að segja er hægt að veðja um auglýsingarnar. Hversu oft mun orðið Dilly koma fyrir í auglýsingu Bud Light og hve oft mun Peyton Manning birtast á skjánum svo fátt eitt sé nefnt.

Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport með sérfræðingana Andra Ólafsson, Henry Birgi Gunnarsson og Eirík Stefán Ásgeirsson í settinu þar sem farið verður yfir hvert einasta atvik en sjálfur Tómas Þór Þórðarson mun lýsa herlegheitunum.



**Philadelphia Eagles**

NFC meistatar  
2017 tímabilið  
S13-T3-J0 13-T3-J0

Átta liða úrslit  
Unnu Atlanta 15-10


Undanúrslit  
Unnu Minnesota 38-7

Liðin hafa mæst 13 sinnum  
Þetta er í þriðja sinn sem liðið leikur í Super Bowl – það hefur aldrei unnið

Sóknarleikurinn

Eagles	Patriots	Meðaltal í leik
28,6	28,6	Stig
365,8	394,2	Jardar
132,2	118,1	Hlaupakerfi
233,6	276,1	Sendingar

4. febrúar



Patriots hafa unnið fjóra af síðustu fimm leikjum liðanna, meðal annars í Super Bowl 2005.

**New England Patriots**

AFC meistatar  
2017 tímabilið  
S13-T3-J0 13-T3-J0

Átta liða úrslit  
Unnu Tennessee 34-15

Undanúrslit  
Unnu Jacksonville 24-20


Tiunda skipti í Super Bowl – fimm titlar síðan 2001

Varnarleikurinn

Eagles	Patriots
18,4	18,5
306,5	366,0
79,2	114,8
227,3	251,2

## Barátta leikstjórnenda


Tom Brady gæti orðið fyrsti maðurinn í sögunni til að vinna sex Super Bowl-leiki á meðan Foles, sem er varaskeifa fyrir hinn meidda Carson Wentz, gæti skrifað sitt eigið öskubuskuævintýri.





American Style

Doritos



# SUPER BOWL

SUNNUDAGUR ▶ KL. 23:30  
**4. FEBRUÁR**

Upphitun hefst  
kl. 22:00

Það er komið að úrslitastund í ameríska fótboltnum - **Super Bowl 52**  
Einn stærsti íþróttaviðburður í heimi með sína hálfleikssýningu  
þar sem **Justin Timberlake** er aðalnúmerið.



Tryggðu  
þér áskrift  
í síma  
**1817**

365.is | 1817





## Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um stóra drauma.

Enski rithöfundurinn H.G. Wells var kunnastur fyrir vísindaskáldsögur sínar, svo sem Innrásina frá Mars. Hann var þó einnig afkastamikill höfundur alþýðlegra sagnfræðiritra. Í einu slíku, frá árinu 1921, varpaði Wells fram tilgátu um mestu hamfarir í sögu mannkyns.


Kenning hans var sú að landbrú hefði verið á milli Afríku og Evrópu allt til loka síðustu ísaldar fyrir um tíu til þrjátíu þúsund árum. Miðjarðarhaf hafi því verið lokað innhaf og sjávarstaða þess miklu lægri en Atlantshafsins. Gibraltarsund hafi svo opnast og vatn streymt inn í Miðjarðarhafið með gríðarlegum flóðum og hörmungum fyrir mannfólk það sem áður hafði búið á svæðinu. Er auðvelt að gera sér í hugarlund að slíkar hamfarir hefðu getað orðið kveikja að godsögnum á borð við þá af Nóaflóðinu. Aðrir höfundar hafa freistast til að láta þessa atburði gerast ennþá nær okkur í tíma og skýra með því sagnirnar um horfnu borgina Atlantis.

Skemmst er frá því að segja að tilgáta Wells var röng. Sjór var farinn að streyma úr Atlantshafi í Miðjarðarhaf um Gibraltarsund löngu áður en Homo sapiens kom fram á sjónarsviðið. Atburðarás á borð við þá sem hann lýsti hafði hins vegar átt sér stað miklu fyrir, eða fyrir meira en fimm milljónum ára. Þá hafði Miðjarðarhafið lokast í tugi eða hundruð þúsunda ára en opnast á ný með gríðarlegum flóðum. Eru miklar saltnámur í Evrópu og Afríku ein helsta vísbendingin um þessa jarðfræðilegu þróun.

Það voru einmitt rannsóknir náttúruvísindamanna sem urðu Wells innblástur í kenningasmíðinni. Með því að reikna út uppgufun Miðjarðarhafsins samanborið við það vatn sem í það bærst, var ljóst að ef ekki kæmi til sjór úr Atlantshafi myndi þetta sögufregra haf skreppa skjótt saman. Slíkar breytingar mátti svo nota til að skýra eitt og annað í náttúrusögu svæðisins.

Skrif jarðfræðinga um forna sjávarstöðu Miðjarðarhafsins urðu H.G. Wells uppspretta vangaveltna um fortíðina, en fyrir þýska arkitektinn Herman Sörgel urðu þau kveikjan að framtíðarsýn.

## Atlantropa



# Risastíflan og stækkun Evrópu

## Tæknin tryggir friðinn

Sörgel fæddist í Bæjaralandi árið 1885 og nam byggingarlist við Tækniháskólann í München. Hann tileinkaði sér hugmyndafræði Bauhaus-hreyfingarinnar, sem var allsráðandi í þýskum arkitektúr á þriðja áratugnum. Forsprakkar Bauhaus boduðu samruna fagurfræði byggingarlistar og tæknilegrar verkunnáttu. Að þeirra mati ætti hönnun fyrst og fremst að vera hagnýt og þannig gæti hún breytt samfélaginu og bætt það.

Sörgel þótti slyngur arkitekt, en það voru þó ekki einstakar byggingar sem héldu nafni hans á lofti, heldur stórkaralegar skipulagshugmyndir. Líkt og svo margir evrópskir menntamenn óttaðist hann að ný heimsstyrjöld væri yfirvofandi. Þýska þjóðin sleikti sárin eftir stríðið og hætt var við að öfgaöfl sem krefðust landvinninga og „lífsrýmis“ næðu eyrum almennings. Jafnframt þótti mörgum sem Evrópa mætti muna sinn filfil fegri. Heimsálfan væri snauð af náttúruauðlindum en í Ameríku og

Asíu væru rísandi stórveldi sem væru hægt og bitandi að ræna Evrópubúa forystuhlutverki þeirra.

Niðurstaða Sörgels var sú að ríki Evrópu yrðu að hætta að bitast sín á milli um takmarkaðar auðlindir, heldur sækja á ný mið og fá útrás fyrir orku sína og metnað með því að vinna að sameiginlegu markmiði í stað hernaðarbróts. Það markmið væri sameining Evrópu og Afríku!

Sörgel vildi reisa stærstu stíflu í heimi um Gibraltarsund. Í henni yrði jafnframt vatnsaflsvirkjun upp á 50.000 megavött eða sem samsvarar átta Kárahnjúkavirkjunum. Annað eins afl yrði framleitt í risavirkjunum í Afríku og við stíflur í Hellusundi og milli Ítalíu, Sikileyjar og Túnis. Þar með yrði orkuþörf Evrópu fullnægt til frambúðar, auk þess sem stríð yrðu úr sögunni þar sem stjórn virkjananna væri falin alþjóðlegri stofnun sem myndi einfaldlega skrúfa fyrir rafmagnnið til þeirra ríkja sem brytu gegn alþjóðalögum.

Með þessu móti myndi yfirborð Miðjarðarhafsins lækka um allt að 200 metra og til verða landsvæði á stærð við Frakkland. Ekki vildi Sörgel láta þar staðar numið, heldur sá hann fyrir sér að veita Kongófljótiinu í norðurátt og skapa þannig tvö risavaxin stöðuvötn í miðri Afríku. Úr þeim yrði vatninu svo veitt um Sahara-eyðimörkina til að græða hana upp.

Auk þess að skapa mikið ræktarland, áttu breytingarnar að gjörbylta samgöngum. Með landbrú milli Ítalíu og Afríku yrði hægt að leggja járnbrautarteina frá Jóhannesarborg til Berlínar. Iðnaður Evrópubúa myndi blómstra með auðveldu aðgengi að gjöfulum og ódýrum náttúruauðlindum Afríku.

## Evrópsk yfirráð

Óhætt er að segja að framtíðarsýn Sörgels hafi verið Evrópumíðuð og einkennd af ótrúlegum hroka í garð Afríkubúa, sem áttu einvörðungu að leggja herrabjóðunum í norðri til hræfni. Ekkert var hugsað út í afleiðingarnar fyrir íbúa álfunnar, en stöðuvötnin í Kongófljóti hefðu sökkt heilu löndunum. Raunar taldi Sörgel það sérstök rök fyrir því að



## EINKENNDIST AF ÓTRÚ- LEGUM HROKA Í GARÐ AFRÍKUBÚA.

þjóðir Evrópu slíðruðu sverðin að með því mætti framlengja nýlendustefnuna í Afríku.

Skeytingarleysið var svipað varðandi umhverfisáhrif þessara tröllslegu áætla. Virtist arkitektinn engar áhyggjur hafa af lífríki í þessu sambandi. Að svo miklu leyti sem Sörgel leiddi hugann að slíkum þáttum, taldi hann að afleiðingarnar yrðu að mestu leyti jákvæðar. Þannig myndu breytingar á hafstraumum líklega valda því að veðurfar yrði betra í Norður-Evrópu og hagsmunir íbúa þeirra svæða skiptu jú mestu máli.

Á sama hátt kærði Sörgel sig kollóttan um afdrif þeirra hafnarborga við Miðjarðarhafið sem snögglega yrðu komnar inn í mitt land. Undantekning á þessu voru þó Feneyjar, en til að varðveita þá sögufregra borg sá Þjóðverjinn fyrir sér að útbúið yrði mangngert sjávarlón við borgina sem tengt yrði til hafs með miklum skipaskurði.

Mannvirkjagerð sú, sem áformin gerðu ráð fyrir, hefði orðið sú umfangsmesta í sögunni og voru skiptar skodanir um hvort unnt væri að framleiða allt það sement sem stíflugarðurinn við Gibraltar hefði kallað á. Engu að síður hreyfði hugmyndin við mörgum og til varð félagsskapur fólks sem barðist fyrir verkefninu.

## Áhugalausir nasistar

Við valdatöku nasista í Þýskalandi freistaði Sörgel þess að vekja áhuga hinna nýju valdhafa á málinu. Nasistar kærðu sig hins vegar lítið um að vinna ný lönd til suðurs, heldur var hugur þeirra bundinn við Austur-Evrópu, þar sem skapa skyldi aríska kynstofninum lífsrými. Árin fram að seinni heimsstyrjöldinni fór því lítið

fyrir tillögum Sörgels, enda forysturíki Evrópu fremur í stríðshug en að stefna á viðtæka samvinnu.

Áhugaleysi Þriðja ríkisins um stíflun Miðjarðarhafsins kom sér vel að stríði loknu. Í stað þess að hugmyndinni væri varpað á ruslahauga sögunnar líkt og hverri annarri sturlaðri nasistahugmynd var hægt að dusta rykið af tillögnum og kynna sem leið til endurreisnar Evrópu og framlag til friðsamlegrar framtíðar í álfunni.

Næstu árin var Sörgel óþreptandi að ferðast um heiminn að kynna framtíðarsýn sína og tókst að vinna ýmsa á sitt band. Á leið til fyrirlestrar um hugðarefni sitt við Münchenháskóla síðla árs 1952 gekk hann í veg fyrir bifreið sem kom aðvifandi og lést af sárum sínum fæinum dögum síðar. Hann varð 67 ára gamall.

Án æðstaprests síns átti söfnuður Sörgels ekki langra lífdaga auðið. Eftir því sem leið á sjötta áratuginn fækkaði sífellt þeim sem létu sig dreyma um risastíflurnar umhverfis Miðjarðarhafið. Þar spiluðu margir þættir inn í. Tök Evrópuríkja á gömlum nýlendum sínum í Afríku fóru vinnandi og flestum mátti ljóst vera að ekki yrði unnt að ráðskast með þær til framtíðar líkt og verið hafði.

Það voru þó tækninyngur og þá sérstaklega óraunhæfar væntingar til kjarnorkutækninnar sem endanlega gerðu út af við drauminn um samruna Evrópu og Afríku. Hugmyndin um að leysa raforkuþörf Evrópu með risavirkjunum hafði verið það atriði í hugmyndum Sörgels sem helst hafði náð eyrum fólks. Með kjarnorkuverum töldu margir að orkuvandi heimsins væri úr sögunni. Raforkuframléiðsla með kjarnorkuverum var talin vandkvæðalaus tækni sem hlýti að verða sífellt auðveldari og ódýrari í framkvæmd. Andspænis slíki framtíðarsýn virtust hugmyndir um risastíflur til að virkja sjávarföllin úreltar og alltof flóknar. Minna þær vangaveltur óneitanlega á íslensk skrif í upphafi sjöunda áratugarins þess efnis að síðustu forvöð væru fyrir landsmenn að virkja jökulárnar áður en nútímakjarnorkutækni kippti endanlega fótunum undan vatnsaflsvirkjunum.

# KOMDU

í

# KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

**OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17**





# SKÓLINN Í EINUM GRÆNUM



## REYKJAVÍK

Austurstræti 17  
Bankastræti 11  
Barónsstígur

Birkimelur 1  
Borgartún 26  
Bústaðavegur 20

Grímsbær  
Grjótháls 8  
Hjarðarhagi 47

Kleppsvegur  
Laugalækur 9  
Laugavegur 116

Laugavegur 180  
Lágmúli 7  
Miklabraut 100

Suðurfell 4

## HAFNARFJÖRDUR

Fjörður 13-15  
Reykjavíkurb. 58

## KÓPAVOGUR

Dalvegur 20  
Hagasmári 9

## REYKJANESBÆR

Fitjar  
Keflavíkurlugv.

## GARÐABÆR

Litlatún

## AKRANES

Skagabraut 43



# TÍMAMÓT



Páll Sigurðsson  
fyrirverandi forstjóri Samabyrgðar  
Íslands á fiskiskipum

er látinn.  
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey  
að ósk hins látna.

Ragna Pálsdóttir  
Sigurður Pálsón

Júlíana Sigurðardóttir  
Páll Þorsteinsson  
Erla Sigríður Þorsteinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín,  
amma og langamma,

**Soffía Kristjana  
Halldórsdóttir**

verkstjóri,

andaðist laugardaginn 27. janúar sl. á  
hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin mun  
fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja  
þakka starfsfólki Skógarbæjar fyrir alúðlega umönnun og  
hlýlegt viðmót.

Kristjana Halldórsdóttir

Halldór Bjarkar Lúðvígsson

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Albert Björn Lúðvígsson

Sunna, Lovisa og Ýmir Halldórsbörn

Sigrún Sandra Ólafsdóttir

Iðunn Júlía og Arndís Stella Albertsdætur

## Ljósinn í takt við ljóðin

Hekla Dögg Jónsdóttir býður upp á ljósa- og ljóðaskúlptúr, prent og vídeó með þátttöku fleiri listamanna á sýningunni Evolvement sem hún opnar í Kling & Bang í dag.

Listakonan Hekla Dögg Jónsdóttir er þekkt fyrir sibreytileg og marglaga verk og ólíkar aðferðir við að fá aðra til að taka þátt í þeim. Nú opnar hún sýninguna Evolvement klukkan 18 í dag í Kling & Bang í Marshallhúsinu, Grandagarði 20. Samhliða kemur út vegleg bók með yfirliti um feril hennar.

Hekla Dögg, á hvað leggur þú áherslu á þessari sýningu? „Ég er svolítið að einblína á sköpunarþáttinn og nú kalla ég til samstarfs skáld og aðra listamenn. Skáldin til að semja af og til ljóð fyrir ljósa- og hljóðskúlptúr sem heitir 2018 og er eins og fréttaveita. Þeir sem hlusta upplifa liðandi stund í gegnum orð skáldsins.“

Skúlptúrin er með grænum ljósum sem blikka í takt við ljóðin, að sögn Heklu Daggar. „Þegar fólk hefur dvalið við skúlptúrinn dálitla stund þá sér það bleikt fyrst eftir að það labbar í burtu. Alltaf þegar maður hlustar á ljóð verður maður fyrir hughrifum. Þarna verða áhrifin líka sjónræn.“



Hekla Dögg undir pappirsagnaregninu sem gengið er í gegnum að uppsprettu sköpunarinnar. MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR

### Um Heklu Dögg

Hekla Dögg hefur verið starfandi myndlistarmaður í rúma tvo áratugi. Auk starfa hennar sjálfar sem myndlistarmanns er hún prófessor við myndlistardeild LHÍ og virkur meðlimur og einn stofnenda listamannarekna gallerisins Kling & Bang.

Þarf ekki fólk að sitja lengur og lengur við skúlptúrinn eftir því sem á sýninguna liður ef alltaf bætast ljóð í skúlptúrinn? „Ég mundi mæla með því að fólk kæmi oftar en einu sinni, því sýningin breytist alltaf,“ svarar Hekla Dögg og færir sig svo skref til baka. „Í anddyrinu er vatnslitaverk sem ég vann með marbling-tækni sem var oft notuð til að prenta á bókarkápur. Þá eru litirnir fljótandi í vatni og pappírsörk dyft ofan í til að fanga þá. Eg gerði mismunandi mynstur á eins stór blöð og ég gat. Þau eru það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur, eins og kápa utan um sýninguna fyrir innan. Ljósmyndarar geta notað þessar arkir sem bakgrunn fyrir eitthvað sem þeir vilja mynda.“

Á leið inn úr anddyrinu lenda gestir undir glitrandi pappírsögnum sem hrynja á þá úr loftinu. Hvað táknar sá gjörningur? „Þá er fólk að ganga inn að uppsprettu sköpunarinnar því þar tekur ljósa- og ljóðaskúlptúrinn við. Svo er haldið áfram inn í næsta rými. Þar er hvít súla sem snýst löturhægt í 360 gráður á þremur mínútum. Á

henni er myndavél og á sýningartím-anum munu listamenn gera þriggja mínútna vídeóverk þar sem þeir virkja allt rýmið á einhvern hátt, það er áskorun, en listamenn eru alltaf til-

búnir í áskoranir. Ég byrja á þremur verkum sem verða tilbúin á opnuninni. Þau verða sýnd í einu rýminu enn. Þar geta gestir sest og notið þeirra.“  
gun@frettabladid.is

Mörgæmi, hlíja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson  
Útfararstjóri  
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararþjónusta  
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfara ef óskað er.

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Við erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda

Magnús Sævar Magnússon,  
umsjón útfara

### Útfararþjónusta

& lögræðipjónusta



Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Elskuleg móðir okkar, amma og systir,  
**Helen Lund**

lést á hjúkrunarheimilinu  
Skógarbæ 28. janúar síðastliðinn. Útför  
hennar fer fram í Grafarvogskirkju  
föstudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

Védis Fönn Lund  
Tinna Dögg Jóhannsdóttir  
Jóhann Ingi Jóhannsson  
Hrafnar Jökull Ragnarsson  
Herdis Eik Jónsdóttir  
Martha E. Kristín Lund  
Kristín Áslaug Lund Hammeren  
og aðstandendur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug við andlát og útför okkar  
ástkæra

**Garðars Sveinbjarnarsonar**  
Hlíðarhúsum 7, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Eirar, sem  
kom að umönnun hans, fyrir einstaka  
umönnun og hlýhug.

Kjartan Garðarson  
Guðbjörg Garðarsdóttir  
Anna Birna Garðarsdóttir  
Guðrún Þóra Garðarsdóttir  
Sigríður Garðarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Antonia Guðjónsdóttir  
Stefán Laxdal Aðalsteinsson  
Jón Ingvar Sveinbjörnsson  
Sigurjón Ársælsón  
Stefán Þór Pálsón  
barnabörn og barnabarnabörn.





Gylfi er öllum hnútum kunnugur í loftskeytasal varðskipsins Óðins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Örlagaatburða minnst

Minningarathöfn verður um borð í varðskipinu Óðni á morgun þegar 50 ár eru frá mannskæðum sjóslýsum í Ísafjarðardjúpi og björgunarafrek áhafnar Óðins rifjað upp.

Tuttugu og sex sjómenn af tveimur breskum togurum og einum íslenskum vélbáti týndu lífi þann 5. febrúar árið 1968. Af því tilefni verður haldin athöfn á morgun, mánudag, klukkan 16, um borð í varðskipinu Óðni þar sem það liggur við festar við Sjóminjasafnið á Grandagarði. Jafnframt verður þess minnst að áhöfnin á Óðni vann hetjudáð er hún bjargaði 18 manns við erfiðar aðstæður í sama fárviðri. Aðalathöfnin verður í þyrluskýlinu svo verður kaffi og dagskrá í messa Óðins.

Auk minningarorda séra Hjálmar Jónssonar og ávarps Michaels Nevin, sendiherra Breta á Íslandi, mun Gylfi Geirsson, formaður öldungaráðs Landhelgisgæslunnar og fyrrverandi starfsmaður hennar, rekja atburðina fyrir 50 árum í stuttu máli. Hann kveðst byrja á að minnst á togarann St. Romanus sem

sökk norðarlega í Norðursjó í janúar 1968. „Bretar telja hann alltaf með í því sem þeir kalla „triple trawler tragedy“, líka togarann Kingston Peridot sem fórst í sama mánuði á Mánárbreka út af Tjörnesi. Svo er komið að 5. febrúar. Þá hvolfði Ross Cleveland í mynna Skutulsfjarðar þar sem 19 fórust en einn komst lífs af við illan leik, og báturinn Heiðrún II frá Bolungarvík fórst sama kvöld með sex manns.

Svo fjalla ég um togarann Notts County sem strandaði á sama tíma við Snæfjallaströnd og skipverjana 18 sem varðskipsmenn á Óðni björguðu daginn eftir við erfiðar aðstæður en einn maður var látinn úr kulda og vösbúð. Síðan kem ég svolítið inn á eftirmálana og tæknina í sambandi við björgun, fjarškipti og siglingar á þessum tíma, reyni að draga upp mynd af þeim erfiðleikum sem gátu skapast á sjó.“

Gylfi ætlar og að rekja litillega það sem gerðist í framhaldinu, vitna í skeytasendingar þáverandi forsætisráðherra Íslands og Bretlands, Bjarna Benediktssonar og Harolds Wilson. „Ég les líka hluta úr svari ráðherra í breska þinginu við fyrirspurn þingmanns úr sal um þessa atburði á Íslandsmiðum, þar sem 58 Bretar höfðu farist á fáum vikum. Auðvitað höfðu þeir atburðir mikil áhrif og í kjölfar þeirra voru öryggiskröfur hertar.“

Þó atburðirnir séu stórir kveðst Gylfi ekki verða langorður. „Ég fer ekki í smáatriði, heldur reyni að halda mig við stóru myndina,“ segir hann og kveðst aðspurður muna þessa atburði sjálfur. „Ég var samt ekki byrjaður hjá Landhelgisgæslunni þá en ég var kominn á sjó sem loftskeytamaður hjá Eimskip.“

gun@frettabladid.is



Móðir mín,

**Guðjónína Jóhannesdóttir**

Nönnugötu 1,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, 26. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram. Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við fráfall hennar.

**Jóhannes Rúnar Sveinsson**



**Miroslav Manojlovic**

varð bráðkvaddur í London 24. janúar.

Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. febrúar kl. 15.00.

**Aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorlákur Ásgeirsson**

húsasmiðameistari,

lést þriðjudaginn 30. janúar á dvalarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ.



Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 7. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ása Guðbjörnsdóttir**

**Kristín Dagný Þorlákssdóttir**

**Ásgeir Þorláksson**

**Vilhjálmur Þorláksson**

**Eva Hildur Kristjánsdóttir**

**Sigrún Guðmundsdóttir**

**Þorgeir Pétursson**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma okkar,

**Gyða Sigurðardóttir**

Stykkishólmi,

lést á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi þann 13. janúar. Útför fer fram frá Stykkishólmskirkju þann 20. janúar.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Viljum einnig koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks dvalarheimilisins fyrir góða umönnun og umhyggju við aðstandendur.

**Agnes Agnarsdóttir**

**Hrönn Bernharðsdóttir**

**Ingvaldur Jóhannesdóttir**

**Valborg Jóhannesdóttir**

**Þórður Þorsteinsson**

**Gunnar Levi Haraldsson**

**Hrannar Erlingsson**

**Gunnar Pétur Róbertsson**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Hjartardóttir**

Köldukinn, Dalasýslu, Hraunbæ 90, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 30. janúar. Jarðarförin fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

**Árni Sigurðsson**

**Hjörtur E. Sigurðsson**

**Ingunn Sigurðardóttir**

**Jón Óli Sigurðsson**

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Selma Magnúsdóttir**

**Jón Axel Brynleifsson**

**Kristín Árnadóttir**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar,

**Svövu Pálsdóttur**

Hrafnkelsstöðum, Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Ljósheimi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fyrir umhyggju og hlýhug árin öll.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hrafnhildur Þorgeirsdóttir**

**Brynhildur Þorgeirsdóttir**

**Aðalsteinn Þorgeirsson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl H. Cooper**

Grundartjörn 1, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum föstudaginn 26. janúar.

Útför fer fram frá Selfoskirkju þriðjudaginn 6. febrúar kl. 13.30. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Þökkum starfsfólki Fossheima sérstaklega fyrir góða umönnun og umhyggju við aðstandendur.

**Auðbjörg Lilja Lindberg**

**Elin Bára Cooper**

**Kristbjörg Linda Cooper**

**Ragnar Heiðar Karlsson**

**Dúna Rut Karlsdóttir**

**Erlingur Þór Cooper**

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Sigtryggur H. Dagbjartsson**

**Örn Ottósson**

**María Maronsdóttir**

**Árni Hjaltason**

**Líney Rut Guðmundsdóttir**



Elsku yndislegi sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Tryggvi Ómarsson**

lést miðvikudaginn 24. janúar á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför fer fram þriðjudaginn 6. febrúar kl. 15.00 í Bústaðakirkju.



**Hrefna Gróa Snæhólm**

**Ómar Bruno Ólafsson**

**Sunneva Jónsdóttir Snæhólm**

**Guðmundur Ómarsson**

**Óttarr Þór Ómarsson Snæhólm**

**og frændsystkini.**

**Stefán Halldór Fannbergsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Valgerður Helgadóttir**

Vallarbraut 10, Njarðvík,

lést á Landspítalanum, mánudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 6. febrúar kl. 13.00.



**Elin Björk Einarsdóttir**

**Laufey Einarsdóttir**

**Ólöf Einarsdóttir**

**Helga Sigrún Helgadóttir**

**Ómar Kristjánsson**

**Magnús G. Jónsson**

**Guðjón Skúlason**


**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.




# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

## BRENNUVARGUR



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikið sjónarspil. Sendið lausnarorð í síðasta lagi 9. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. febrúar“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Smartís** eftir **Gerði Kristnýju** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu krossgátu var **Freygarður Þorsteinsson, 110 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1** Kanna þyngd á leiðarvísi (11)
- 11** Bar á belginn fiskinn feitan (10)
- 12** Eftir smá nöldur stendur Anna upp og hugar að velferð sinna gæludýra (11)
- 13** Tel hóp geta nurlað saman fyrir eina manneskju (10)
- 14** Fyllið skarð fólks sem var að farast (7)
- 15** Er fótur fyrir sveitinni með skálmhaldinu? (9)
- 16** Frægur fylkir sækir sjó (7)
- 20** Riddaraleg sletta um Mitsubishi (6)
- 21** Fer með fýlusvipinn í verslunargötuna (8)

### unargötuna (8)

- 25** Panta sérlega hraðfleyga pilu (8)
- 26** Heyri væl lúsablesanna sem bergmál fjallsnafanna (9)
- 30** Nei, ég meina ekki smá-vaxna sjóara heldur lindýr (8)
- 31** Gjaldmiðill finnsku álfanna? Nei, heimkynni þeirra (13)
- 32** Vaskur maður á fleiri en einn skrufnafar (8)
- 33** Hvað geymir kanna Nóa-túnsbónða? Er það saltur sjór eða sælindýr? (13)
- 35** Um spor mikilla umsvifa ákveðinna hringferla (9)
- 39** Tel minn hluta ekki duga

### langt (6)

- 41** Með fleyg og klink fer allt í auðleystan hnút (9)
  - 42** Endalaust röfl um boltann (7)
  - 44** Seinar að leysa úr ruglinu út af eitruðu frumefni (6)
  - 45** Varð auðfauka rík og ringluð af mysu? (9)
  - 46** Illa falin miðja alheimsins (5)
  - 47** Skynja ríkidæmi kennileita (8)
- LÓDRÉTT**
- 1** Draumhugi kemur væntanlega í ljós (7)
  - 2** Þessi leiði á móti koma sér

### vel (7)

- 3** Reifum risavaxin í finum rásum (7)
- 4** Snarði þessu meðan þú varst með nefið í öðru (7)
- 5** Slæ um mig með riti um eigið fé (8)
- 6** Finn allskonar dót í stappaðri geymslunni (8)
- 7** Lúffuðum eftir að hún var með kjaft og glotti út að báðum (9)
- 8** Sénsinn er lítill, enda eintrjáningurinn prófdómari (9)
- 9** Rambar á brún ölmóðra og sauðdrukkinna (9)
- 10** Síðasti spottinn og strikið sem fara þarf yfir (9)

- 17** Fangar pössunarsama með purkunarsömum? (9)
- 18** Sú dula mun drífa sig heim og úr augsyn (9)
- 19** Heljarmóðir ku vita á sorg og sút (9)
- 21** Kæri karl fyrir að vera krimma (8)
- 22** Frumbyggja er illa við að fólk kalli hann öskjuask (7)
- 23** Drifum undirstöðu áfram með löppum (9)
- 24** Nýti hættuheimildina til að klára vandræðamatinn (13)
- 27** Losna við illsku næturinnar eftir reiðtúrinn (12)
- 28** Við erum í fyrsta sinn í nýju

### borginni (9)

- 29** Sú þorskfrænka úr eldinu sem nær frá olnboga að fingurgómum (9)
- 34** Tja, ég mun ekki meiða kúguppgefna kappa (7)
- 35** Heitur yfirborðssjór – er það byrjun á endinum? (6)
- 36** Flaska á svikna héranum (6)
- 37** Hvernig grillar maður grill? (6)
- 38** Höfnum meintu uppnámi (6)
- 40** Sóið þeim gullna vana (5)
- 43** Gagnið af þessari vísbendingu er ekkert (4)

### LÉTT

3	1		5				
	9			4	8	6	
	4	7		8	3	9	
7				9	6		3
	3		1		2		
8	5			4	7		2
		4					8 7
				7	1		5
1							


### MIDLUNGS

	6			9	5		
7			4				3
	9				1	4	7
		9				7	
3			7		5		2 1
				2			
	1	4	8				5 9
		5	2		4		
	8			6		3	4

### PUNG

	2		3				9
				6			7
				9	2	4	
						5	3
9			4	1	8		
7				9			8 2
		4					7 1
	7						8
3	1						

### Skák Gunnar Björnsson



Bronstein átti leik gegn Geller í Moskvu árið 1961.  
**Hvítur á leik**  
**1. Dg6!** (1. Hxf7 vinnur líka) **1... fxc6** **2. Hxg7+** og mæt í næsta leik.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjustu skákfréttirnar.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ÓTRÚLEGT SPIL

Í ár gerðist það sem gerist nær aldrei. Sömu menn unnu bæði tvímenning og sveitakeppni Bridgehátíðar. Svíarnir Simon Hult og Simon Ekenberg unnu sigur í tvímenningnum og þeir unnu einnig sigur í sveitakeppninni með félögum sínum Peter Fredin og Johan Silvan. Mörg forvitnileg spil litu dagsins ljós á Bridgehátíð. Eitt

þeirra er spil sem kom fyrir í 5tu umferð sveitakeppninnar. Ef skoðaður er sjónarhóll vesturs er spilið með ólíkindum. Norður passar fyrst og austur opnar á 2 gróndum (20-22 jafnskiptir). Vestur á 6 punkta og það síðasta sem honum dettur í hug er að andstæðingarnir eigi slemmu (í báðum rauðu litunum). Norður var gjafari og allir á hættu:

<p><b>Norður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ -</li> <li>♥ 1042</li> <li>♦ 953</li> <li>♣ G865432</li> </ul>	<p><b>Vestur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ ÁG1098764</li> <li>♥ 63</li> <li>♦ G2</li> <li>♣ 10</li> </ul>	<p><b>Austur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ KD3</li> <li>♥ KD8</li> <li>♦ D4</li> <li>♣ ÁKD97</li> </ul>
<p><b>Suður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 53</li> <li>♥ AG975</li> <li>♦ AK10876</li> <li>♣ -</li> </ul>		

Ekki nóg með það. Gegn slemmu í rauðum lit verður að taka fórn í spaða sem er 2 niður. 30 pör spiluðu 4 ♣ á spilið í AV. 18 pör spiluðu 5 ♣ og 17 pör spiluðu 6 ♣. Aðeins 2 pör fengu að spila 6 ♦ í NS og eitt par fékk að spila samningana 4 ♥ og 5 ♥. Eitt par spilaði 7 ♦ doblaða í NS. Toppinn í AV fékk Ásmundur Örnólfsson sem varð sagnhafi á 6 gróndum dobluðum í vestur. Vörn gat tekið 7 fyrstu slagana en útspil norðurs var laf frá sjólitnum. Ásmundur sér þá 11 slagi og ákvað að hleypa á laufatiuna og fékk 12 slagi fyrir það. Austur var skiljanlega ekki ánægður.



# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !




Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtíma-

ferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.



**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: **Háræðaslitsmeðferðir** HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA



### Hljóðbylgjumeðferð

Fjarlægir háráðaslit í andliti, háráðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

### Hversu margar meðferðir þarf?

Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háráðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur


**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**



**Snyrtistofan Hafblik**



## KRAKKAR



## Konráð <sup>287</sup> og félagar á ferð og flugi

„Jæja, Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“

„Við eigum að klippa út þessi fjögur form,“ sagði Konráð. „Og raða þeim þannig saman að þau myndi stóra stafinn T.“  
„T,“ sagði Kata önug.

„Ekki segja mér að við eigum að búa til T. Ég get ekki séð að það sé hægt.“ Róbert klóraði sér í hausnum. Hann gat heldur ekki séð hvernig hægt væri að búa til stafinn T úr þessum skrítnu formum.



Getur þú raðað saman þessum formum svo úr verði stafurinn T?

## Listaverkið

Þessa mynd teiknaði hún **Helena**, fimm ára, og sendi okkur.



Gunnar Dagur er niðri og Ísak Einir uppi. Þeir segja heitt og notalegt í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þurfum bara að setja upp fána

Tveir kappsfullir drengir voru á dögnum að útbúa stórt snjöhús þegar blaðamaður og ljósmyndari rákust á þá. Drengirnir heita Ísak Einir Magnússon og Gunnar Dagur Einarsson og eru báðir tólf ára, að verða þrettán. Þeir segja snjöhúsa-gerð vera áhugamál.

**Ísak Einir:** Við höfum búið til lítil snjöhús áður en þau hafa aldrei orðið að neinu, þannig séð. En þetta var svo tilvalinn skafl. Einn vinur okkar, Jónas Orri, á eiginlega hugmyndina, enda býr hann næst skaflinum.

**Gunnar Dagur:** Við Jónas Orri voru bara að labba hérna og sáum skaflinn, bjuggum til dyr og grófum smá og svo kom Ísak Einir með okkur. Jónas Orri er bara á badminton-æfingu núna, annars væri hann hér.

### Hvað á húsið að verða stórt?

**Ísak Einir:** Ég veit það ekki. Við munum bara halda áfram þar til við getum ekki meira. Þetta er svo gaman.

### En er ekki erfitt að koma snjónum frá?

**Gunnar Dagur:** Við höfum stóra skóflu til þess. Notum minni skóflu í gröftinn og þegar við erum búnir að losa snjó í dálitlar hrúgur notum við stóru skófluna til að koma snjónum út.

**Ísak Einir:** Já, í ákveðinn tíma erum við bara að grafa, grafa og grafa. Svo

**VIÐ ERUM MED SÉRSTAKA GEYMSLU FYRIR TÖSKURNAR OKKAR OG FLEIRA DÓT OG ÞAR INNI ER LÍTIÐ HÓLF FYRIR SNJÓGLER- AUGU.**

kemur að því að við losum okkur við snjóinn og berum hann út.

### Ætlið þið að sofa í húsinu?

**Gunnar Dagur:** Ég veit ekki, það gæti verið.

**Ísak Einir:** Við þurfum bara að setja upp fána til að tryggja að menn komi ekki á snjóytum og ryðji húsinu okkar í burtu.

**Gunnar Dagur:** Það væri ekki gott að vera sofandi og allt hryndi.

### Eruð þið oft að leika ykkur úti?

**Ísak Einir:** Já, já, við erum dálitlir útikarlar.

**Gunnar Dagur:** Við erum samt eiginlega meira inni núna en úti þegar við erum að grafa.

### Eru þetta mörg herbergi?

**Ísak Einir:** Við erum með sérstaka geymslu fyrir töskurnar okkar og fleira dót og þar inni er lítið hólf fyrir snjógleraugu.

**Gunnar Dagur:** Svo verður hitt bara eitt risastórt rými. Planið okkar er að setja sprittkerti á við og dreif.

## Glettur

Þabbi! Ég skoraði sex mörk í leiknum í dag. Frábært sonur sæll. Og hvernig lauk leiknum? Þrjú-þrjú.

Ertu ánægður með nýja hundinn þinn? Já, mjög, hann sækir til dæmis alltaf Moggann fyrir mig. En eru ekki margir hundar sem gera það? Jú, jú, en ég er ekki áskrifandi.

Jónsi litli sagði öllum að hann myndi bráðum eignast lítinn

bróður og var ákaflega spenntur. Einn dag leyfði mamma hans honum að leggja lófann á maga sér til að finna litla bróður sprikla. Eftir það steinhætti Jónsi að minnast á litla krílið. Kennara á leikskólunum þótti það einkennilegt og spurði: Hvernig gengur með litla bróður þinn, Jónsi minn? Fer hann ekki bráðum að koma í heiminn? Nei, svaraði Jónsi leiður. Mamma gleypiti hann.



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:




FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Suðvestanstrekkingur og el en bjart austan til á landinu. Frost um allt land, jafnvel talsvert í innsveitum fyrir norðan.

### Heimurinn



### Reykjavík



### Ísafjörður



### Akureyri



### Egilsstaðir



### Kirkjubæjarklaustur



### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Barnalán


Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu á aldersbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...





# ÚTSALA! LOKAHELGIN

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

OPIÐ ALLA HELGINA Á  
SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!





Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra segir Hagþenkni hvetja fræðasamfélagið til þess að miðla fræðslu til almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þurfum alltaf á nýjum bókum og rökum að halda

**Tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis fyrir fræðirit eða námsgögn voru kynntar í vikunni. Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra segir markmiðið að fræðin nái betur til almennings.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**H**agþenkir er félag höfunda fræðirita og kennslugagna en félagið sækir nafn sitt til rits sem Jón Ólafsson frá Grunnavík skrifaði 1737. Það fjallar um „almennt stand á Íslandi“, lærdóm og bókiðir. Eftir þessu handriti, sem gefið var út 1996, nefna höfundar fræðirita og kennslugagna félag sitt.

Allt frá 1987 hefur félagið veitt höfundum viðurkenningar fyrir efni er hefur þótt skara fram úr og síðastliðin tíu ár hafa 10 bækur verið tilnefndar rétt eins og núna og mikið er lagt upp úr fjölbreytni, segir Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastýra Hagþenkis. „Við viljum að þessi listi endurspegli ólík fræðirit og kennslugögn og að auki er hann hugsadur meira fyrir almenning en háskólasamfélagið eins og skipulagsskrá verðlaunanna kveður á um, en það er sérstakt viðurkenningaráð skipað fimm félagsmönnum sem alfarið velur á listann, eftir að hafa hist vikulega í tvo mánuði og borð saman bækur, þannig að við – Hagþenkir – leitumst við að miðla ákveðnum bókum sem viðurkenningarráðið metur að séu framúrskarandi fyrir almenning.“

Aðspurð hvort það sé nægur hvati til staðar í fræðasamfélaginu til þess að skrifa fyrir almenning segir Friðbjörg að svo sé því miður ekki og oft

### Tilnefningar til Viðurkenningar Hagþenkis

**Inngangur að skipulagsrétti – lagarammi og réttarframkvæmd**  
Höf. Aðalheiður Jóhannsdóttir.  
Útg. Háskólaútgáfan.

Heildstætt rit um flókinn heim skipulagsréttar. Handbók sem gagnast bæði lærðum og leikum.

**Íslenska lopapeysan – uppruni, saga og hönnun**  
Höf. Ásdís Jóelsdóttir.  
Útg. Háskólaútgáfan.

Margbætt rannsókn í textílfraði sem lýsir samspili handverks, hönnunar og sögu þrjónaðnaðar í fallegri útgáfu.

**Saga Borgarness I og II. – Byggðin við Brákarpoll og Bærinn við brúna**

Höf. Egill Ólafsson og Heiðar Lind Hansson.  
Útg. Borgarbyggð og Opna.

Áhugaverð saga sem á sér skýran samhljómi í þróun Íslandsbyggðar almennt, studd ríkulegu og fjölbreyttu myndefni.

**Borgin – heimkynni okkar**

Höf. Hjálmar Sveinsson og Hrunn Skarphéðinsdóttir.  
Útg. Mál og menning.

kostnaður fyrir höfundana. „Nei, og að auki þá held ég að það hafi dregið úr þessari hvatningu vegna þess að háskólakennararnir virðast fá fleiri stig fyrir að skrifa fræðigreinar í fræðirit, oftast á ensku, tilvitnanir skipta mestu máli og því velja þeir

Fróðleg hugvekja og framlag til þjóðfélagsumræðu um skipulag, lífshætti og umhverfismál í borgarsamfélagi.

**Jarðhiti og jarðarauðlindir**

Höf. Stefán Arnórsson.  
Útg. Hið íslenska bókmenntafélag.  
Einstaklega itarlegt rit um auðlindir í jörðu og brýn áminning um að huga að sjálfbærni við nýtingu náttúruauðæfa.

**Öjofnuður á Íslandi – skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi**

Höf. Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson.  
Útg. Háskólaútgáfan.

Skýr og aðgengileg greining á þróun eigna og tekna á Íslandi og misskiptingu auðs í alþjóðlegum samanburði.

**Leitin að klaustrunum – klausturhald á Íslandi í fimm aldir**

Höf. Steinunn Kristjánsdóttir.  
Útg. Sögufélag og Þjóðminjasafn Íslands.

Umfangsmikil og vel útfærð rannsókn sem varpar nýju ljósi á sögu klausturhalds á Íslandi. Frá-

sagnarstíll höfundar gefur verkinu aukið gildi.

**Undur Mývatns – um fugla, flugur, fiska og fólk**

Höf. Unnur Jökulsdóttir.  
Útg. Mál og menning.

Övenju hrífandi frásagnir af rannsóknnum við Mývatn og sambandi manns og náttúru.

**Frelsi, menning, framför – um bréf og greinar Jóns Halldórs-sonar**

Höf. Úlfar Bragason.  
Útg. Háskólaútgáfan.

Næm lýsing á sjálfsmynd, væntingum og viðhorfum vesturfara við aðlögun þeirra að samfélagi og menningu Norður-Ameríku.

**Sjálftætt fólk – vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld**

Höf. Vilhelm Vilhelmsson.  
Útg. Sögufélag.

Aðgengilegt og vel skrifað rit sem sýnir hvernig vinnufólk fyrri tíma gat haft áhrif á bága stöðu sína með hversdagslegu andófi og óhlyðni.

Friðbjörg bætir við að í raun vanti upp á það að fræðimenn geti miðlað þessum skrifum betur til almennings. „Ég held að kerfið þyrfti að vera meira hvetjandi gagnvart skrifum fyrir almenning. Oft eru þetta ákveðnar grunnrannsóknir og

eitthvað sem varðar okkur öll sem er svo mikilvægt að við almenningur fáum að fylgjast með. Efni sem er búið að greina og vinna vel en það þarf að ná betur til almennings í landinu.“

Friðbjörg leggur áherslu á að sambandið á milli háskólans og samfélagsins þyrfti að vera mun virkara. „Segjum bara að lestri sé ábótavant, svo dæmi sé tekið, en þá getur vel verið að það sé skrifað meira um það í erlendu samhengi en jafnvel til almennings. Þá vantar okkur ákveðnar línur eða ramma um það hvað á að ræða um og af hverju. Háskólinn á að styðja við almenna umræðu í landinu og þá sérstaklega gagnrýna umræðu, ekki endilega niðurrifandi, heldur gagnrýna, þar sem er verið að rökraða. Lýðræðið þarf alltaf á nýjum bókum og rökum að halda.“


En finnið þið hjá Hagþenkni fyrir því að þessar tilnefningar og verðlaun hjálpi þessum ritum sem þó koma út til þess að ná til almennings? „Já, ég held að það geri það. Athyglin er alltaf að aukast jafnt og þétt og svo er verðlaunaféð líka það vegglegt, ein milljón og tvö hundruð og fimmtíu þúsund, ívið herra en Íslensku bókmenntaverðlaunin,“ segir Friðbjörg kankvís. „En mér finnst að eftir að við förum að tilnefna tíu bækur á lista þá hafi það gert meira fyrir fleiri. Þetta vekur athygli á þessum bókum af því að sumar þessara bóka eru alla jafna ekki mikið í umræðunni þó svo aðrar séu það vissulega. Það er heilmikill heiður fölginn í þessu og þetta spyrst víða.“



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu  
á aldursbilinu 18–49 ára lesa  
Fréttablaðið daglega.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...







Skór.is  
netverslun



# hustenda verðlaunin 2018

Háskólabíó í kvöld!



HERRA HNETUSMIJÖR



ÁSA



DIMMA



BIRGIR



ALBATROSS



HATARI



JÓIPÉXKRÓLI

Í beinni  
og í opinni dagskrá



BYLGJAN  
989



Karl Ágúst í gervi sögumannsins, hann gripur bein og spilar hina ólíkustu tóna á þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Matthías skapaði sterkar persónur sem hafa lifað af

**Karl Ágúst Úlfsson sótti persónur í leikrit Matthíasar Jochumssonar Skugga-Svein er hann samdi söngleikinn Í skugga Sveins sem frumsýndur verður í Gaflaraleikhúsinu á morgun.**

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



„Bein voru auðvitað óspart nógud áður fyrr og Skugga-Sveinn var sakaður um stórfelldan sauðapjófnað. Kalli hefur líka mikið verið að sjóða bein heima undanfarið og hér er spilað á bein og leikið með bein,“ segir Ágústa Skúladóttir brosandi þegar hún sýnir Fréttablaðsfólki leikmynd söngleiksins Í skugga Sveins sem verður frumsýndur í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði á morgun, sunnudag, klukkan 13. Ágústa er leikstjóri hins nýja söngleiks sem Karl Ágúst er höfundur að en byggir á leikritinu Skugga-Sveini eftir Matthías Jochumsson sem frumsýnt var 1862.

Kalli er baksviðs að setja upp sögumannshárkollu fyrir myndatökuna og Ágústa hefur orðið áfram: „Það er tríó sem fer með öll hlutverk. Tónlistarmaðurinn Eyvindur Karlsson sem samdi lögin og spilar á hátt í tuttugu hljóðfæri, leikur einnig Skugga-Svein, hann á bækistöð í hellinum hér baka til. Svo bregða þau Kristjana Skúladóttir og Kalli sér í fjölmörg hlutverk og syngja ein fimm-tán lög sem Eyvindur hefur samið við nýju textana hans Kalla. Leikararnir eru inni á sviðinu allan tímann en bregða sér út á kant og skipta þar um

gervi fyrir framan áhorfendur,“ segir Ágústa og kynnir þrjár persónur söngleiksins með hárkollum þeirra. „Hér höfum við Lárentínus sýslumann, mikið montprík. Hér kemur Grasa-Gudda og líka Ketill skrækur sem er með Slash-grímu. Það er Vala Halldórsdóttir sem býr til þessi gervi, Guðrún Öyahals sér um leikmyndina og Skúli Rúnar Hilmarsson lýsinguna. Allt mikið hæfileikafólk og leikararnir verða í stöðugri aksjón meðan á sýningu stendur.“

Nú er Karl kominn og lýsir efni söngleiksins og tildrögum þess að hann er á leið á svið. „Þetta verk fjallar um utangarðsmanninn sem hefur verið hrakinn úr mannlegu samfélagi og gagnkvæma andúð hans á því. Mér finnst þessi saga sem Matthías skapaði ekki mega gleymast, hún er partur af menningararfnum okkar.“

Karl segir þjóðtrúna blandast inn í verkið eins og á dögum Matthíasar, trú fólks á yfirnáttúrulegar vættir og útilegumenn. „Almenningur trúði því að það væru stór samfélög útilegumanna uppi á hálandinu, lifandi á illa fengnu sauðakjöti. Sýningin okkar litast af því að það sé eitt og annað á sveimi í kringum okkur. Samt er hún fyrst og fremst góð skemmtun, spennandi saga og skemmtilegar persónur. Eitt af því sem Matthías gaf okkur með sínu verki var sterkar persónur sem hafa lifað af þannig að jafnvel

**TÓNLISTARMAÐUR-  
INN EYVINDUR  
KARLSSON SEM SAMDI LÖGIN  
OG SPILAR Á HÁTT Í TUTTUGU  
HLJÓDFÆRI, LEIKUR EINNIG  
SKUGGA-SVEIN.**

fólk sem aldrei hefur séð Skugga-Svein leikinn veit hver Grasa-Gudda er, Ketill skrækur og auðvitað Skugga-Sveinn sjálfur. Það er merki þess að leikritið sé vel heppnað hjá Matthías. Hann var skólapiltur á þeim tíma sem hann skrifaði það og var ábyggilega undir áhrifum frá evrópskum verkum sem hann hafði séð eða lesið. Við höfum leyft þeim áhrifum að lifa í okkar verki.“

Þótt texti söngleiksins sé frumsaminn kveðst Karl leyfa einu og einu tilsvári úr gamla leikritinu að detta inn til að minna á hvaðan efnid kemur og skemmta þeim sem hugsanlega kannast við það. „Upphafslagið okkar í sýningunni heitir Margt býr í þokunni. Það er lína sem er tekin úr einum af söngtextum Matthíasar úr Skugga-Sveini.“

Í skugga Sveins verður á fjöllum Gaflaraleikhússins klukkan 13 á sunnudögum. „Við vonumst til að sjá sem flestar fjölskyldur hér í leikhúsinu,“ segir Kalli og miðum við að fólk frá sjö ára aldri og upp úr geti notið verksins.“



# ego dekor

## LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR



JERSEY TUNGUSÓFI  
Stærð: 250X165cm  
Verð: 188.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 159.800,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI  
Stærð: 284X190/165cm  
Verð: 279.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 195.300,-



MADISON TUNGUSÓFI  
Stærð: 251X165cm  
Verð: 188.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 146.640,-



ARES TUNGUSÓFI  
Stærð: 278X175cm  
Verð: 219.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 186.150,-



BORÐSTOFUBORÐ – hvítt gler  
Stærð: 180X100cm  
Verð: 98.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 78.400,-



ALEXA SKENKUR – hvítt matt/eik  
Breidd: 160cm  
Verð: 138.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 96.600,-



CLARK STÓLL  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 10.140,-



COBY STÓLL  
Verð: 18.500,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-

HÆGINDASTÓLL Í LEÐRI  
Stillanlegur m/rafmagni  
Verð: 148.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 118.400,-



Opið mán - fös: 10.00 - 18.00  
Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00



Ego Dekor - Bæjarlind 12  
www.egodekor.is





**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus -

**mid.is** Miðsala og hírnati upplýsingar

**MOLLY'S GAME** (16) Sýnd kl. 7.50, 10.30

**LOI** (L) Sýnd kl. 2, 4, 6

**PADDINGTON 2** (L) Sýnd kl. 1.40, 2.30, 3.50, 6

**MAZE RUNNER: DEATH CURSE** (16) Sýnd kl. 9

**LIAM NEESON: THE COMMUTER** (12) Sýnd kl. 8

